

# **Forn skriðuföll á Austurlandi**

**Halldór G. Pétursson og Höskuldur Búi Jónsson**

Unnið fyrir Ofanflóðasjóð

NÍ-01031

Akureyri, desember 2001



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

# Efnisyfirlit

<b>INNGANGUR</b>	3
<b>NORÐUR MÚLASÝSLA (Bakkafjörður, Vopnafjörður, Jökuldalur, Fljótsdalshérað)</b>	4
<b>SUÐUR MÚLASÝSLA (Fljótsdalshérað)</b>	8
<b>NORÐUR MÚLASÝSLA (Hjaltastaðapínghá, Víkur og Firðir)</b>	12
<b>SUÐUR MÚLASÝSLA (Firðir)</b>	18
<b>AUSTUR SKAFTAFELLSSÝSLA (Lón)</b>	40

## Inngangur

Hér hefur verið tekið saman á einn stað allt það efni sem við höfum fundið um forn skriðuföll á Austurlandi, þ.e. í báðum Múlasýslum að viðbættu Lóni í Austur Skaftafellssýslu. Er þessum upplýsingum raðað upp eftir sýslum, héraðsheitum, jörðum eða örnefnum. Gagnasöfnun þessi fór fram í tengslum við verkefni sem nefnt hefur verið „Skriðuannálar fyrri tíma“ og unnið er fyrir Ofanflóðasjóð.

Aðalheimildir okkar eru Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags, sem teknar voru saman á árunum 1839-1874 og ritverkið Sveitir og jarðir í Múlaþingi I-IV, sem kom út á árunum 1974-1978. Auk þess hefur verið seilst til fanga í land- og jarðalýsingar í ýmsum tímaritum og bókum, svo sem Árbókum Ferðafélagsins, Múlaþingi, fornum annálum og þjóðsagnasafni Sigfúsar Sigfússonar, til að nefna einhverjar. Eflaust finnast fleiri sagnir um forn skriðuföll á Austurlandi í þeim prentuðu heimildum, sem okkur vannst ekki tími til að kanna innan ramma þessa verkefnis, og án efa eru þær fleiri sem leynast í óbirtum heimildum, svo sem gömlum jarða- og fasteignamötum og örnefnaskrá. Þó verða gögn um skriðuföll á Austurlandi aldrei sambærileg við gögn annars staðar af landinum, einfaldlega vegna þess að sá hluti Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem fjallaði um Austfirðingafjórðung í byrjun 18. aldar er glataður, en hann er talinn hafa brunnið í Kaupmannahöfn árið 1727.

# Norður Múlasýsla

## Bakkafjörður

– **Bakkafjörður (alm.):** ...Í sveit þessari er landslag yfirhöfuð mýrlent, en víða á milli flóanna aðeins berir melhryggir sem ár eftir ár eyða meir og meir öllum jarðveg úr hlíðunum við leir- og grjóttrennsli á leysingum á vordag og rigningum á sumardag (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Skeggjastaðasókn, 1841*).

– **Gunnólfvíkurfjall:** ...Þetta fjall er nú mest allt komið í skriður og mela (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Skeggjastaðasókn, 1841*).

– **Gunnólfsvík:** ...norðanvert við Finna fjörð og vestan undir Gunnólfsvíkurfjalli, 6 hndr. að forngildi, heyskaparjörð allsæmileg en liggur undir áföllum vegna skriðuhlaupa úr fjallinu (Gunnólfsvíkurfjall), hvört fyrrum tjáðist að miklu eða öllu leyti hafa verið grasi vaxið og alfaravegur meðfram því sjávarmegin til Fagranes á Langanesi. Nú er það allt komið í skriður, kletta og mela svo gangandi manni er naumast fært með fram því í ládeyði (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Skeggjastaðasókn, 1841*).

– **Skeggjastaðir:** ...en land hennar gengur þó mikið af sér og fer æ meir og meir í mela, bæði af veðrauppblæsti og leirrennsli á vordag og sumarrigningum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Skeggjastaðasókn, 1841*).

– **Mókelsstaðir:** ...Mókelsstaðir hjál. frá Höfn, fór í eyði 1707. Eyddist af skriðuhlaupi (*Ólafur Olavíus, Ferðabók 1775–1777*).

## Viðvík

– **Viðvík:** ...Þessi jörð er bæði vegna brattlendis í dal þessum og víðar undirorpin jarðföllum og áburði af grjóti og leir í leysingum og stórrigningum og líka miklum uppblæstri í veðrum og næðingum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Skeggjastaðasókn, 1841*).

## Vopnafjörður

– **Vopnafjörður (alm.):** ...Til fjalla er grasvegur víða mjög lítill og minnkar auðsjáanlega af skriðum og jarðhlaupum. Líka blæs mela upp og flög aukast (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hofssókn, 1840*).

– **Hof:** ...Háapúfa er nokkuð brött og gróðurlítill síðan rigningarsumarið 1935, er þar skreið allur jarðvegur niður. ...Þá (1935) urðu skriðuföll víða úr fjöllum, t.d. skreið niður mestallur jarðvegur úr Háapúfu á Hofshálsi, sem var eitt besta beitiland þeirrar jarðar (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi I og IV, 1974 og 1978*).

– **Krossavík II (Neðribær):** ...Engjar voru aðallega á hálfdeigjulandi og gamla túnið nokkuð raklent. Túnið skemmdist nokkuð fyrir á tíð af skriðuföllum úr fjallinu (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, 1974*).

– **Hellisfjörubakkar:** ...Býlið er niður undir sjó, heldur út og niður af Krossavíkurbæjum, upp af Hellisfjöru. Hellisfjaran dregur nafn sitt af helli í sjávarbakkanum. Hann er nú hruninn (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, 1974*).

– **Fagridalur:** ...Fyrir austan Böðvarsdal er hátt fjall, sem heitir Búfell. ...Austan við það fjall skerst Fagridalur inn í fjöllin, alla leið til Hellisheiðar. ...Fagridalur hefur að líkindum borið nafn með réttu í fornöld, meðan hann var skógi vaxinn, en nú er hann orðinn mjög blásinn upp og skemmdur af skriðuhlaupum og snjóflóðum (*Guðmundur Jónsson frá Húsey, Um örnefni í Jökulsárhlíð og á austurströnd Vopnaþjarðar, Eimreiðin (61), 1955*).

– **Fagridalur:** Jörðin er hlunnindarík, býður upp á tjáreka, selveiði, æðarvarp, útræði, sjávarbeit og mótekju (lélega), en ókostir eru hættur við sjó og erfið fjárgæsla, skriðuföll og litlar og lélegar slægjur, mest reytingssamar hálfdeigjumýrar inn eftir dalnum. ... (úr fasteignamatsbók 1918): Fjárgæsla oft hættuleg sökum brattlendis og skriðuhlaupa (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, 1974*).

– **Bjarnarey:** ...Uppi á eyjunni stranda tvær borgir, Miðborg og Syðstaborg, nokkurn veginn í línu suður á eyuna. Í urðinni sem liggur að Gullborg á að vera hellisop inn undir borgina, en nú er hrapað fyrir það. Ég sá aðeins móta fyrir því, en 60 ár eru síðan (ritað um 1950) (*Jón Halldórsson, Þáttur um Gullbjarnarey, Múlaþing (27), 2000*).

## Jökulsárhlíð

– **Geldinganes:** ...Nokkru sunnar í flugum þessum (sunnan við Múlahöfn) eru grastorfur nokkrar sem heita Geldinganes. Fyrir ofan þær er stakur klettur, sem heitir Geldingur, og af honum mun nafnið dregið. Þar er höfn allgóð, en illt að bjarga bátum fyrir grjóthruni af snjóflóðum á veturnum. Þar eru skálatættur margar, grasigrónar. Gamlir menn sögðu mér, að á þessum töngum og í Bjarnarey hefði verið útræði mikið um og eftir Móðuharðindin, því þá voru litlar nytjar af landbúum á Héraði (*Guðmundur Jónsson frá Húsey, Um örnefni í Jökulsárhlíð og á austurströnd Vopnaþjarðar, Eimreiðin (61), 1955*).

– **Torfastaðir, Ketilstaðir:** ...Torfastaðir með afbýlinu Torfustaðaseli 16 hndr. klausturjörð. Ketilstaðir með afbýlunum Eyjaseli og Bakkagerði, 12 hndr., kristfjárljörð, á Hlíðarendanum. Þessari jörðu tilheyrir rekaslóð og líka þeirri næsttöldu, en báðar liggja þær undir áföllum af sandfoki og líka stundum af skriðuhlaupum á tún og engjar, hvar við þær hafa stórum af sér gengið (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Kirkjubæjarsókn, 1839*).

## Jökuldalur

– **Hjarðarhagi:** ...Aðalhlunnindin eru, og hafa verið, undir svokölluðu Háfjalli inn við Rjúkendurnar. Þar er að vísu mjög lítið skægjuland en skjólsamt og snapaseigt á vetrum. Hvert hlaupið af öðru á vorin skefur burt allan jarðveg og senda leirmokka yfir landið er þar storkna (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hofteigsprestakall, 1874*).

## Hrafnkelsdalur

– **Aðalból:** ...Síðan fór ég inn að Faxahamri, sem heitir svo enn í dag. Hann er  $\frac{3}{4}$  mílu inn frá Aðalbóli, sama megin. Þar er gljúfragil mikið við ána, er gengur fram úr hlíðinni, og myndar innri brún þess hamarinn, en grjót hefur hrunið úr honum, og hefir við það myndast nokkur jarðvegur milli steinanna og þessi hækkun hefur smám saman hrundið ánni svo sem 10 faðma frá hamrinum, enda eru þar vatnsrásir, sem líka hafa flust að þessum framburði. (*Sigurður Vigfússon, Rannsókn í Austfirðingafjórðungi 1890, Árbók Fornleifafélagsins, 1893*).

## Jökuldalur

– **Klaustursel:** ...Túnið er að mestu slétt og nær því óverjandi fyrir skriðuhlaupi úr læk er rennur fyrir ofan það (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hofteigsprestakall, 1874*).

## Hróarstunga

– **Blöndugerði:** ...(úr búskaparannál 1935): Í vatnsveðri í sept. hlupu skriður sem lengi munu sjást merki um (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, 1974*).

## Fljótsdalur

– **Hengifoss:** ...líka hefir Hengifossinn fyrir hér um 30–40 árum verið til vinnu  $\frac{1}{3}$  hærrí en hann er nú, hvað eð orsakast þar af að grjótið úr berginu umhverfis hann er alltaf að hrapa ofan í gilið undir hönum, hvar með það grynnist og fossinn styttist (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Valþjófsstaðarsókn, 1840 – 41*).

– **Skriðuklaustur:** ...skriðugarðar ei annars staðar en á Skriðuklaustri (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Valþjófsstaðarsókn, 1840 – 41*).

– **Valþjófsstaður, Skriðuklaustur:** ...stendur undir sama fjalli og hefur að öllu leyti sömu kosti og ókosti til að bera sem Skriðuklaustur nema þar hlaupa frekari skriður (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Valþjófsstaðarsókn, 1873*).

## Fljótsdalur – Norðurdalur

– **Hóll:** ... (úr fasteignamatsbók 1918): Grjóthrun veldur skemmdum (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, 1975*).

– **Buríðarstaðir:** ...Hlaup hafa fallið úr fjallinu rétt framan við ytri landamörkin (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, 1975*).

– **Glúmsstaðir:** ...Víða hafa skriður fallið úr hlíðinni, síðast stórskriða 1923 (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, 1975*).

– **Glúmstaðasel:** ...Glúmstaðasel heitir bærinn beint á móti Kleif. Þar fyrir innan kom fyrir rúmum 20 árum skriða úr fjallinu (um 1870–75). Hún tók sig upp við efstu brúnir, fór niður í á og stíflaði hana um tíma. Nú sjást þar upp úr ánni stór björg, sem eru leifar af þessari skriðu (*Þorvaldur Thoroddsen, Rannsóknarferðir sumarið 1894, Ferðabók III, 2. útg. 1958–60*).

## Fljótdalur – Suðurdalur

– **Arnaldsstaðir:** ...þaðan er enn alllangt inn að Arnaldsstöðum, sem standa á mjóu þrepi undir snarbröttum urðarbrekkum og hamrahlíðum, en Kelduáin grefur hlaðbrekkuna. Um skóginn ofan við og inn og upp af Arnaldsstöðum var þegar getið, en fyrir þremur árum (1941) rann nokkur hluti hans fram í aur– of grjótskriðum. Tóku þau skriðuföll töluvert af ræktuðu landi og eyðilögðu úthýsi, en fólkið flýði út með fjallinu og slapp nauðulega, því skriður féllu niður fyrir framan það og aftan. Þetta gerðist að haustlagi í hellirigningu og ofsastormi, sem varnaði vatninu að renna eðlilega niður brattann, fárviðrið lamdi það inn í snarbratta hlíðina, þangað til þunginn var orðinn svo mikill, að hver spildan af annari af leir og grjóti rann af stað. Komu sumar skriðurnar með svo miklu afli, að þær sópuðu ánni með sér og fóru um þveran dal. Af gömlum byggingarbréfum má sjá, að sú kvöð hvíldi á Arnaldsstaðabóndanum að hreinsa skriður af túninu á vori, og féll stundum öllur landskuld niður (*Árbók FÍ, 1944*).

– **Arnaldsstaðir:** ... (úr fasteignamatsbók 1918): „Undirlendið er á uppgrónum grjóthlaupum og grýttum og jarðgrunnum harðvellisgrundum“. Arnaldsstaðir hafa löngum verið á milli tveggja elda í þeim skilningi, að fjallið, sem er skógi vaxið hátt í hlíðar og fagurgróið, hefur sent aurhlaup niður, en áin brotið neðan af landinu. „Túni og engjum hætta búin af skriðu– og aurhlaupum úr fjallinu. Bæjarhúsum og túni er stórhætta búin af landbroti og vötnum. ... Arnaldsstaðir koma þó furðulítið við skriðuannála Ólafs Jónssonar, fyrr en 10. nóv. 1941. Þá gerðust voveiflegir atburðir á koldimmri haustnótt á Arnaldsstöðum, þegar stórar og þykkar jarðvegspildur hlupu fram úr hlíðinni yfir tún og engjar og létu víða eftir sig sleiktar klappir, þar sem áður döfnuðu blómlegir runnar í Arnaldstaðaskógi. Þarna eyddist auk skóglendis, engja og túns eitt fjárhús og fórust um 30 kindur að talið var, en ófært varð heimilisfólkinu eftir venjulegum leiðum til næstu bæja, og klöngraðist það yfir fjallið að Glúmstöðum. ... Síðast hljóp á Arnaldsstöðum 1968 (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, 1975*).

– **Þorgerðarstaðir:** ...Ekki er nema bæjarleið frá Arnaldsstöðum inn að Þorgerðarstöðum. Er landið milli bæjanna illa farið eftir síðustu skriðuföllin (1941),

en þrepið er breiðara um Þorgerðarstaði og þar ekki eins skriðuhætt, og skemmast þó stundum tún (*Árbók FÍ, 1944*).

– **Þorgerðarstaðir:** ...Skriðuföll eru alltið í Múlahlíðum. ... (að fornu): Grjótgarður ofan við gamla túnið, talinn hlaðinn til varnar grjóthruni úr fjallinu. ... Myllutótt við Merkilæk lenti undir aurskriðu '42 (rétt 1941). ... (úr fasteignamatsbók 1918): Skriðuhætta búin landi, húsum og túnnum og hætta af grjótflugi, landbrot af völdum Kelduár. ... (úr búskaparannál 1942): Sama ár (rétt 1941) hljóp skriða á 70 kinda fjárhús og jafnaði húsin við jörðu, en hlöðupakið flaut ofan á aurnum í heilu lagi. Nýbúið var að láta 9 hrúta út úr húsinu (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, 1975*).

– **Víðivallagerði:** ... Nokkur hlaupa- og árennslishætta er frá fjallinu. ... (úr fasteignamatsbók 1918): Komin vatnsleiðsla, ekkert mótak, torfrista afar slæm, engjar í hættu af aurlaupum (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, 1975*).

– **Víðivellir fremri:** ... (1663) Item á þeim tíma féll mikil skriða á Víðivelli fremri í Fljótsdal um hausíð og tók jörðina nærri því af með húsum og túni (*Desjarmýrarannáll*). ... (1663) Tók af í skriðuhlaupi bæinn að Víðivöllum í Fljótsdal með öllum búshlutum, en menn komust af, sumir lerkaðir (*Kjósarannáll*). ... (1663) Það haust gengu fyrir austan þungar úrkomur, svo skriður hlupu víða í Austfjörðum. Þá tók af eina jörð, Víðivelli í Fljótsdal, bæinn og túnið, og allt það, sem í bænum var, nema mennirnir komust undan naumlega þó sumir löskuðust nokkuð (*Fitjaannáll*).

– **Víðivellir fremri:** ... (úr fasteignamatsbók 1918): Hagar litlir og lélegir, komin vatnsleiðsla, hætta á skriðuhlaupum og landbroti (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, 1975*).

– **Víðivellir fremri:** ... þaðan er stutt úr að Víðivöllum fremri. Allar engjar þessara bæja liggja með fjallinu fram, mest megnis harðvellisgrundir. Er nú mikið af því landi girt og vel fallið til ræktunar. Einhverjar skemmdir vilja þó stundum verða þar af grjóthlaupi úr fjallinu (*Árbók FÍ, 1944*).

## Suður Múlasýsla

### Fljótsdalur

– **Hallormsstaðir:** ... Hallormsstaður (með hjáleigunum Skjögrastaðir og Ormsstaðir) ... Landið er mjög víða blásið með grófum miklum og lækjagiljum og aurárennslí. Hefir þessi jörð fjarskalega gengið af sér síðan skógur féll víðast í landinu og jarðveg blés af ásum en rigningar hleyptum hlíðunum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hallormstaða- og Þingmúlasókn, 1874*).

– **Freyshólar:** ... Land er þar lítið blásið því það er heldur flatt, nema hálsar fyrir ofan. Þeir eru berir uppi og hlíðarnar hlaupnar. Annars gengur þessi jörð nú lítið af sé. Ætla menn land fari þar heldur batnandi, eftir því sem lengra líður frá því er skógurinn



féll (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hallormstaða– og Þingmúlasókn, 1874*).

## Skriðdalur

– **Skriðdalur (alm.)** ...Svo má sjá í Skriðdal að þar hafi víðast hvar blásið, með fram suðaustur hlíð, ákaflega mikið, einkum á seinni tímum og nesin lagt undir aura úr ánum. Enda muna og elstu menn að hæðir og móar voru þar vaxin grávíði og lyngi á æskuárum þeirra, þar sem nú eru berir melar. Sumstaðar eru þar eftir enn þá margar jarðvegstorfur sem árlega blæs af og eyðist. Sýna sprekin í þeim að þar hefir vaxið víðir. Svo er og víða sjáanlegt þar í austurfjöllunum að skriður hafa hlaupið úr hlíðunum á seinni öldum og ónýtt undirlendin, og margar smáskriður og aurspýjur hlaupa enn árlega og ónýta þar engjar undir hlíðum, allt eins og aurburðurinn úr ánum ónýtir árlega eitthvað af nesjaengjum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hallormstaða– og Þingmúlasókn, 1874*).

– **Þingmúli:** ...Þingmúlastaður er víðlend jörð ...árnar gjöra lítil landbrot en oft hlaupa smáskriður til skemmda úr fjallahlíðum í rigningum og leysingum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hallormstaða– og Þingmúlasókn, 1874*).

– **Þingmúli:** ...Skriður hafa runnið út af Múlanum á báða vegu og norður í tunguna milli ána (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, 1975*).

## Skriðdalur – Norðurdalur

– **Þorvaldsstaðir:** ...Upp frá Þorvaldstöðum er klettasveif sú í fjallið sem skriðan hljóp úr á landnámstíð þegar Hallfreður áði þar. ...Um skriðu sem hlaupið hefir í Geitdal upp af Þorvaldstöðum, af því stykki hefur klofnað þar úr fjallinu, er áður talað. ...Utan til á Geitdal norðvestan megin upp frá Þorvaldstöðum hefur sveigbogið stykki rifnað úr fjallinu. Stendur berg eftir þvergnipt en skriðan hlaupið ofan undir á. Hún er víða grasi vaxin. Þar er talin skriða sú er hljóp þá Hallfreður landnámsmaður áði þar og varð undir geit sem dalurinn dró nafn af (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hallormstaða– og Þingmúlasókn, 1874*).

– **Þorvaldsstaðir:** ...Hamrasveigur er í hálsinum upp af Þorvaldstöðum og heitir Stóribotn. Telja sumir, að gamalt skriðufall sunnan bæjarins sé skriða sú, sem draummaðurinn varaði Hrafinkel bónda við, með þeim æskilega árangri, að hún kostaði hann ekki nema gölt og griðung (*Árbók FÍ, 1944*).

– **Geitdalur:** ...Hrafnkatla getur Geitdals í sambandi við skriðu þá er hafri og gelti tortímdi, og hafa menn tengt bærarheitíð þeim atburði. ...Hraungarður vestan dals er nálægt 15 km langur og nær 1000 m hæð á Hraungarðsbungu beint upp af bænum. Mjött undirlendi er í dalnum, þó meira vestan ár, en ofar brött hlíð. Þráfaldlega hafa skriður runnið úr hlíðinni og aur haugast upp meðfram fjallsrótum. ...Mjög snjóflóðahætt er í Geitdal, einkum í nv-átt (þar féll snjóflóð 1952 yfir tún og hús, en fólk og peningur slapp ómeitt). Í Sturlungu segir, að 18 manns hafi týnst í skriðu (snjóflóð?) í Geitdal 1185. ...Gamla túnið var greiðfært, en nokkuð grýtt. Um

miðbik þess voru margir hlauphólar uppmokaðir, og talar það sínu máli um skriðurensli. ... (úr búskaparannál 1968): Aurskriða á tún, varð að ýta burt (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, 1975*).

– **Hátún:** ...og bjó hún nokkur ár ekkja að Hátúnum í Skriðdal. ...Þegar Bjarni prestur og skáld Sveinsson tók Þingmúlaprestakall, vildi hann bola burt Þuríði frá Hátúnum. En hún færði við þráþol, þangað til prestur rak hana nauðuga í burt. Þá varð hún svo reið að hún bað presti óbæna með heiftarorðum og óskaði þess að þeim sem næstir kæmu á Hátúninu eftir sig heppnuðust þau eigi. Þegar hún var flutt þaðan fyrir fáum vikum kom hlaup svo mikið úr Múlafjallinu að það braut kofana og eyðilagði túnið að mestu leyti. Hefir enginn orðið þar mosavaxinn lengi vel. Séra Bjarni hafði því kotsins litlar nytjar á eftir (*Sigfús Sigfússon, Hátúna–Þuríður, Íslenskar þjóðsögur og sagnir*).

– **Hátún:** ...Þar er skriðuhætt og hraphætt fé (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, 1975*).

## Skriðdalur – Norðurdalur

– **Múlastekkur:** ...Skriður hafa fallið úr kollinum sums staðar allt niður í á (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, 1975*).

– **Borg:** ...Skriðu– og snjóflóðahætta er nokkur á Borg og Hjarðarhlíð. Hefur t.d. hlaupið á bæði beitarhúsin og víðar (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, 1975*).

– **Hjarðarhlíð:** ... Skriðu– og snjóflóðahætta er nokkur á Borg og Hjarðarhlíð (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, 1975*).

– **Stefánsstaðir:** ...Árið 1940 hljóp (snjóflóð/skriða?) á túnið og sópaðist burt hlaðan og girðingin (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, 1975*).

– **Vatnsskógar:** ...Ræktunarskilyrði eru lítil, m.a. skriðuhlaupa úr lækjum og framburðar úr hlíðinni fyrir ofan (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, 1975*).

– **Haugar:** ...Um skriðu sem hlaupið hefir í Geitdal upp af Þorvaldsstöðum, af því stykki hefur klofnað þar úr fjallinu, er áður talað. Önnur lík skriða og engu minni hefir einhvern tíma hlaupi yfir Suðurdalinn innan við Hauga. Sér þar hvílt mikla í fjalli upp af, þaðan sem skriðan hefir sprungið fram ...Bærinn og túnið stendur á skriðu mikilli sem hlaupið hefir í fornöld úr fjallinu þar suður og upp af (Stuttadalsfjalli). Hefir fjallið auðsjáanlega klofnað of skriðan hlaupið út og yfir þveran dalinn undir norðvesturhlíð og stíflað ána svo Skriðuvatn hefir myndast af því. Svo hefir áin rífið sig fram og myndað djúpan farveg. Eru urðarhólar og haugar (sem bærinn dregur nafn af) inn frá bænum en smærra grjót og leir úr skriðunni hefir hlaupið langt út eftir. Þessi skriða er nú víðast grasi og mósa vaxin. ...Landið gengur lítið af sér, nema aurrensli úr fjallinu spillir sumstaðar efra og Vatnsdalsá færir aur yfir grasbletti. Svo gróa aðrir upp á milli (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hallormstaða– og Þingmúlasókn, 1874*).

– **Hallbjarnarstaðir:** ...eru nes niður af bæjunum með fram ánni allgrösug, en víða skemmd af aurrænsli úr melum og hjöllum fyrir ofan. ...Í Þórudal vestan megin er

mjög lítið undirlendi og bera lækir sumstaðar aur á það. Land heimajarðarinnar er heyskaparlítið því aurar og skriður hafa mjög eytt honum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hallormstaða– og Þingmúlasókn, 1874*).

## Skriðdalur

– **Þórudalur:** ...Þórudalur er með undirlendi víða með fram ánni og góðir hagar víða í honum og dölum, sem frá honum ganga, þó fjallahlíðarnar séu mjög hlaupnar með skriðum og urðum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hallormstaða– og Þingmúlasókn, 1874*).

– **Arnaldsstaðir:** ...Smáskriður og aurar hlaupa víða á grasbletti inn í dölum og árnar, Jóka og Hallsteinsá, hafa mjög spillt með auráburði nesjunum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hallormstaða– og Þingmúlasókn, 1874*).

– **Eyrarteigur:** ...Hér er orðinn heldur lítill heyskapur því skriður og þverár hafa hulið grasveginn (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hallormstaða– og Þingmúlasókn, 1874*).

– **Litla–Sandfell:** ...Landið hefir blásið mjög á seinni tímum í hlíðinni, síðan meiri hluti skógar og víðis féll þar, skriður úr fjallinu færst ofan eftir og aurar aukist á nesjunum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hallormstaða– og Þingmúlasókn, 1874*).

## Eyvindarárdalur

– **Eyvindarárdalur** (bærinn): ...Um Fljótsdalshérað er það sagt, að jarðvegur hafi eyðst þar bæði af skriðuföllum og árflóðum. Þannig hefir Eyvindardalur (Eyvindarárdalur) við Ketilsstaðaháls farið í eyði (*Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar, 1752–57*).

– **Gagnheiði:** ...Milli Seyðisfjarðar og Mjóafjarðar liggur fjallvegur, er Gagnheiði heitir. Hún er snarbrött og hættuleg yfirferðar sakir þoku, snjóflóða og skriðuhlaupa (*Ólafur Olavíus, Ferðabók 1775–1777*).

## Fagridalur

**Fagridalur:** ...Biskupshlaup er skriða, sem hlaupið hefur úr vesturfjallinu alveg austur yfir á og stíflað hana (*Árbók FÍ, 1955*).

# Norður Múlasýsla

## Hjaltastaðapinghá

– **Hrjótur:** Nafnið mun líklega af hruni úr björgum, og sér þess í grasigróinni brekku örskammt upp af bæ. Þar hafa stórgrýtisbjörg hrotið úr sléttum háum kletti, sem Tittlingsklettur heitir, og liggja hálsokkin í jörð við rætur bergsins. Bærinn er hinn eini á landinu með þessu nafni (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, 1975*).

## Njarðvík

– **Njarðvík:** ...Þau áður töldu Njarðvíkurfjöll eru að neðan grasi vaxin upp fyrir rætur, þar sem ekki skriður niður að sléttu í Njarðvík hafa hlaupið, sem víða er. ...Njarðvík er sáemileg slægnajörð og hagbeitar eftir því sem í fjörðum er, en genfur af sér vegna skriðna úr fjöllum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Desjamýrarsókn, 1839 – 40*).

– **Njarðvíkurskriður:** ...Hlaupin sumarið 1923. Þau áttu sér stað fyrir mitt sumar, líklega í júlí. Hann gekk þá í norðaustan stórrigningu, en veður var kyrrt og milt. Þetta voru óskapleg hlaup. Hvert gil allt norðan frá Heimastagili og suður í Skriðuvík hljóp fram. Djúpir skorningar með þverhniptum börmum skárust niður í gilbotnana. Í þetta sinn urðu þeir svo krappir og djúpir að laus maður átti fullt í fangi með klóra sig yfir þá. ...Aurinn haugaðist upp í fjöruna í ódæma dyngjur. T.d. mátti ganga upp á klettabrúnina ofan við fjöruna norðan við krossinn. Sjórinn var marga mánuði að eyða þessum dyngjum. Einnig hljóp á milli giljana. Segja mátti að aðeins sæist til gatna hér og þar. Um tuttugu menn voru í þrjá daga að ryðja götu og hlaða í gilin. ...Strax þegar vorar og hlýnar grotnar hjarnið í sundur, vatn og aur rennur fram, grjóthrynur. ...Í Skriðunum er langhættast við slysum af völdum snjóflóða. Engar sagnir eru um að menn hafi farist þar af skriðufalli eða grjóthruni. ...Ég hef rætt við Hannes Eyjólfsson um ýtuveginn er gerður var yfir Skriðurnar rigningarsumarið mikla 1950. ...Vegagerðin reyndist nokkuð tafsöm vegna vatnsaga í urðinni. Mikið hrundi á veginn, og einu sinni var allt horfið að morgni, sem gert var daginn áður. Þetta orsakaðist af óvenjulegri rigningartíð, og var nýi vegurinn illfær lengi sumars. Þar kom þó að hann þornaði og harðnaði og hefur aldrei blotnað til бага síðan. Vegaruðslan tók hálfan mánuð til þrjár vikur (*Ármann Halldórsson og Andrés Björnsson frá Snotrunesi, Njarðvíkurskriður, Múlaþing (6), 1971*).

## Borgarfjörður eystri

– **Snotrunes:** ...gengur eins af sér af skriðum úr Neshálsi undir hvörjum hann stendur út undir sjó (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Desjamýrarsókn, 1839 – 40*).

– **Bakki:** ...í sömu röð undir Neshálsi fremst, góð slægnajörð og útbeitar, en slæm tún, eins skriðuspilling undirorpin (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Desjamýrarsókn, 1839 – 40*).

– **Hvannstóð:** ...Bjuggu þau (Galdra–Vilhjálmur og hyski hans, um miðja 18. öld) fyrst í Hvannstóði. ...Þá deildi Vilhjálmur við Hólalandsbóndann um engjar frammi í dalnum. Þá hleypti Vilhjálmur fram hlaupi sem ófært er yfir með hesta (*Sigfús Sigfússon, Af Galdra–Vilhjálm, Íslenskar þjóðsögur og sagnir*).

– **Hvannstóð:** ...Milli Miðfjalls og Rauðkollutinds á Nónfjalli (eða Hvannstóðstinds) er öllu styttri, en breiðari dalur og heitir Lambadalur. Neðan til á honum hefur nýlega orðið allmikið jarðrask. Sprunga hefur myndast um dal þveran, jarðspilda sigið á stóru svæði og rofnað margvíslega (*Árbók FÍ, 1957*).

– **Hvannstóð:** ...(Hvannstóðsdalur) Stórt framhlaup og ógreitt yfirferðar gengur úr hvolfi í fjalli og niður í á. Í hlaupinu vex súrsmæra og eigi annars staðar á landinu nema í Loðmundarfirði. Um uppruna hlaupsins er þjóðsaga. ...Á Lambadal varð jarðrask 1937, talið stafa af hjarnbráðnun í jörð undir fornu framhlaupi (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, 1975*).

– **Desjarmýri:** ... skriðuágangur á landið (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Desjamýrarsókn, 1839 – 40*).

– **Desjarmýri:** ...Mitt á milli Desjamýrar, prestssetursins í Borgarfirði austur og Setbergs, innsta bæjar að sunnanverðu heita Geirishólar. Er sagt að þar hafi maður byggt sér bæ sem Geiri eða öllu heldur Geir hét. Bjó hann þar þegar Herjólfur bróðir Gunnhildar bjó í Herjólfsvík. Er sagt að með þeim hafi orðið illar búsigfjar er enduðu með því að Herjólfur hleypti skriðu á bæ hans og á hann að hafa farist þar með hyski sínu. Eru þar síðan kallaðir Geirishólar, ættu að ver Geirshólar. Segjast einstakir menn hafa séð móta þar fyrir tóftarbroti fram úr hlaupinu (*Sigfús Sigfússon, Geirishólar, Íslenskar þjóðsögur og sagnir*).

## Víkur

– **Brúnavík:** ...góða útbeit og land, hvört þó liggur undir áföllum af skriðum, eins og sjálfur bærinn bæði af þeim og snjóflóðum er í hættu (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Desjamýrarsókn, 1839 – 40*).

– **Glettinganes:** ...Þegar kemur yfir varpið, sést ofan í Hvalvík. Þar er engin byggð, en úti á Glettinganesi er bær, mjög afskekktur. ...Fyrir skömmu hljóp skriða á túnið á Glettinganesi (um 1890). Þar fást nú ekki nema 10 hestar af heyi (*Þorvaldur Thoroddsen, Rannsóknarferðir sumarið 1894, Ferðabók III, 2. útg. 1958–60*).

– **Glettinganes:** ...Neðan undir Glettingi er einkennilegur klettur er kallast Kjöll. ...er þetta hið hrikalegasta bæjarstæði, undir snarbröttum Glettingskollu, en kemur ekki að sök, því Kjöllinn ver bæinn skriðuhlaupum og snjóflóðum. ...Leiðin úr á Glettingsnes liggur undir þverhniptum flugum Glettings. Leiðin er hættuleg vegna grjóthrus úr Glettingi (*Árbók FÍ, 1957*).

– **Glettinganes:** ...Skriða féll á tún, líklega um um 1890 og eyðilagði það að miklu leyti. Grjótgarður gamall ofan við tún til varnar grjóthruni úr fjallinu (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, 1975*).

– **Kjólsvík:** ...en Kjólsvík, sem mjög þótti grasgefin, breyttist mjög af ægilegu skriðuhlaupi fyrir 3 árum (fór í eyði, eyddist af skriðuhlaupi 1773), sem meira að segja olli því, að lendingin þar, sem var næsta ótrygg, varð nýtileg um nokkurt skeið (*Ólafur Olavíus, Ferðabók 1775–1777*).

– **Kjólsvík:** ...Að norðanverðu fyllir hlaup dalinn alla leið úr í sjó. Heita Háuhlaup innan til undir Víðidalsfjalli, en Láguhlaup utan til. ...Munnmæli herma, að til forna hafi Kjólsvík verið slétt og fögur, og stöðuvatn hafi þá verið uppi á Víðidalsfjalli, en lækur runnið úr því niður í vikina. Eina nótt hafi fjallið klofnað um vatnið og hlaupið fram alla vík fram undir Hlass (*Árbók FÍ, 1957*).

– **Kjólsvík:** Munnmæli herma, að til forna hafi Kjólsvík verið slétt og fögur, stöðuvatn hafi þá verið uppi á Víðidalsfjalli. Eina nótt hafi fjallið klofnað um vatnið og hlaupið fram alla vík. Ólavíus segir raunar, að vikin hafi eyðst af skriðuhlaupi 1773, en ólíklegt er, að þar sé um sömu skriðuföll að ræða og í munnmælasögunni. Háuhlaup og Lághlaup heita raunar tvö samhangandi hlaupasvæði í vikinni hátt úr fjalli og út í sjó. ...Skammt upp af bænum er kletturinn Kjöll, sem jörðin heitir eftir. Kletturinn skýlir bænum fyrir snjóflóðum og skriðum. ...(úr fasteignamatbók 1918): Skriðuhætta á tún. Grjótgarður ofan við tún til varnar grjóthruni úr fjalli (*Sveitir og jarðir í Múlapingi II, 1975*).

– **Breiðuvík:** ...Af bæjardyrhellunni blasti við í vikurstafni opið á Gatfjalli. Fjallsröðin með gatinu hrundi saman og gatið hvarf haustið 1950 eftir rigningarsumarið mikla (*Sveitir og jarðir í Múlapingi II, 1975*).

– **Húsavík, Herjólfsvík:** ...Gunnhildur hét ekkja, er kom hingað (síðla?) á landnámsöld. Hún var fróð og framsýn. ...Hún byggði Gunnhildarsel innst í Húsavík. Herjúlfur eldri nam næstu vík þar norðar og heitir nú Herjólfsvík. ...Átti hann illbýli við Geir þann, sem byggði í Geirshólm inn frá Desjarmýri í Borgarfirði, og hleypti loks skriðu á bæ hans. Varð Geir þar undir með allt sitt. Þess hlaups sér gildan vott. ...Óvild kom upp á milli þeirra systkina. ...þóttist hvort um sig verða fyrir átroðningi af gripum hins. Kom þá svo, að hvort vildi annað í helju. Það var þá nótt eina, að Herjúlfur hleypti skriðu mikill og ætlaði á bæ Gunnhildar. Gunnhildur hafði vitað það fyrir og flutt neðar í dalinn. Skriðan hljóp yfir bæinn og stansaði við hól þann er síðan heitir Hlífarhóll. Eftir það uggði Herjúlfur eigi að sér, því að hann þóttist hafa drepíð Gunnhildi. En næstu nótt hleypti hún fram fjallinu upp frá bæ hans (Herjólfsvík), sem heitir Sólarfjall, og fórst hann þar með allt sitt. Bæði þessi hlaup eru geysimikil. (*Sigfús Sigfússon, Íslenskar þjóðsögur og sagnir*).

– **Húsavík, Herjólfsvík:** ...Milli Náttmálafjalls og Hvítserks að vestan, en Leirfjalls og Efri-Sléttu að austan er Gunnhildardalur, og fellur um hann samnefnd á frá Hvítserk niður í Víkurá. Skammt innan við ármót þeirra er Gunnhildarsel. Telja munnmæli það kennt við Gunnhildi, systur Herjólf, er nam Herjólfsvík, en þeirra er ekki getið í Landnámu, heldur í Þjóðsögum Sigfúsar. Herjúlfur vildi hafa jarðaskifti við systur sína. En Gunnhildur vildi ekki láta bæ sinn. Hleypti Herjúlfur þá hlaupi miklu úr Efri-Sléttum á bæ Gunnhildar (í Húsavík), en hún var þá nýflutt í Selið, svo hana sakaði ekki. Sjást hraunin enn norðanvert í dalnum. Til að hefna sín á bróður sínum hleypti Gunnhildur skriðu mikilli úr Sólarfjalli á bæ Herjólf. Tók skriðan meginhluta Herjólfsvíkur, og fórst hann þar ásamt hyski sínu (*Árbók FÍ, 1957*).

– **Herjólfsvík:** ...Herjólfsvík er slöður eitt sinn inn í ströndina og dalskora dálítill inn af, sunnan undir Sólarfjalli. Fjallið hefur sent niður hliðar jarðvegsspýjur, sem hrúgast upp um dalbotninn. ...Stærsta skriðan gæti verið sú, sem Gunnhildur sendi á bæ Herjólfis. Hún er norðanvert við sjávarsíðuna, mikill uppgróinn urðargarður fram í sjó (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, 1975*).

– **Álftavík:** ...óbyggileg þar eð öll býlin eru stórskemmd af skriðum og sjógangi (*Ólafur Olavius, Ferðabók 1775–1777*).

– **Álftavík:** ...bugur á strandlengju fremur en vík, og undirlendi harðlend mön á stykki og graslendislítill suðaustan undir brattri hlið. Þar er gott beutiland í hliðinni. ...Munnmæli eru, en eigi ritaðar heimildir nema tvíræðar, um byggð þar. Olavius nefnir Álftavík í eyðibýlaskrá og tilgreinir orsakir þess að lagðist í eyði. „Þar eð öll býlin eru stórskemmd af skriðum og sjógangi“. Orðalagðið öll býlin bendir til fleiri býla en Ytri-Álftavíkur. Tættur eru á Innri-Álftavík á sléttum sjávarbakka og örnefnið Bæjarstæði upp af lendingu í vogi. Gætu verið verbúðartættur (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, 1975*).

## Loðmundarfjörður

– **Stakkahlíðarhraun/Loðmundarskriða:** ...Þessi skriða er víst hin sama er Landnáma getur um að fallið hafi á bæ Loðmundar er hann vék héðan suður að Sólheimum í Mýrdal. Á að giska er hún á lengd, hér um 5–6000 faðmar, en 5–600 á breidd. Fleiri nafnkenndar skriður eru ei að telja í sveit þessari (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Klyppstaðarsókn, 1842*).

– **Stakkahlíðarhraun:** ...Eftir þetta stórvirki frétti Loðmundur, að öndvegissúlur hans höfðu komið á land fyrir sunnan Dyrhólma. Þótti honum nú fyrir að verða að fara úr firði sínum. Ber hann þá öll föng sín á skip. Starkaður hér einn af mönnum hans. Hann vildi eigi fara, og dvaldist eftir. En er segl var upp dregið, lagðist Loðmundur undir þiljur og bað engan dirfast nefna sig, ella skildi sá týna lífinu. En er hann hafði skamma hrið legið, brast gnýr mikill yfir fjallinu. Sáu menn, að ógurleg grjótskriða hljóp þar fram og stefndi á bæ Loðmundar. Starkaður sá, hvar hlaupið kom, brá upp reku og tautaði fjölkyngi. Brá þá svo við, að hlaupið kloffnaði, og stefndi önnur kvíslin til suðurs og stansaði, og heitir nú Skagi. Hin álman beygði meira í austur og hljóp í fjörðinn innanverðan og þvert yfir hann. Varð þá gnýr og brestir, ægilegur brimgangur á bæði lönd og áföll stór. ...Starkaður varð eftir á bæ Loðmundar og bjó þar til elli, og heitir þar því Starkaðshlíð (nú kölluð Stakkahlíð). Hraunið heitir og að sögn Starkaðshlíðarhraun. (*Sigfús Sigfússon, Íslenskar þjóðsögur og sagnir*).

– **Stakkahlíðarhraun:** ...Hverning þetta eina hraun á Austfjörðum hafi runnið, læt ég jarðfræðinga um að skýra og veit eigi hve auðleyst sú gáta er. En Landnáma hefur sína skýringu á reiðum höndum:

„Loðmundr inn gamli hét maðr, en annar Bjólfr, fóstbróðir hans. Þeir fóru til Íslands af Vos af Þulunesi. Loðmundr var rammaukinn mjök ok fjölkunnigr. Hann skaut fyrir borð öndvegissúlum sínum í hafi ok kvaðsk þar byggja skyldu, sem þær ræki á land. En þeir fóstbræðr tóku Austfjörðu, ok nam Loðmundr Loðmundarfjörð ok bjó þar

þenna vetr. Þá frá hann til öndvegissúlna sinna fyrir sunnan land. Eftir þat bar hann á skip öll föng sín, en segl var dregit, lagðizk hann niðr ok bað öngvan mann vera svá djarfan, at hann nefndi sik. En er hann hafði skamma hríð legit, varð gnýr mikill. Þá sá menn at skriða mikil hljóp á bæ þann, er Loðmundr hafði búit á“. ...Við Landnámu bætir þjóðsaga um Stakkahlíð því, að fjósamaður Loðmundar, Starkaður, hafi bægt skriðunni frá bænum með fjósreku sinni. Vildu sumir jafnvel draga nafn bæjarins af nafni hans (*Árbók FÍ, 1957*).

– **Bárðarstaðir:** ...Á Bárðarstöðum er mikið af túninu vaxið úr skriðu og mjög grasgefið, taðan einhver hin besta til mjólkur, engjar góðar og nálægar, úthey ágætagætt, alllandrúmt í samanburði við aðrar jarðir í Loðmundarfirði, en mjög runnið skriðum og bær, tún og engjar undirorpið óttalegum skriðuföllum úr Herfelli (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Klyppstaðarsókn, 1842*).

– **Sævarendi:** ...tillagsjörð til Klyppstaðarprestakalls, 6 hndr. að fornu en vegna áfallandi skriðuhlaupa hefur hún sjaldan byggð orðið nema fyrir 4 hndr. til 5 með einu kúgildi (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Klyppstaðarsókn, 1842*).

– **Sævarendakrókur:** ...Sunnan megin við fjarðarbotn, gengt Knararvík, er Sævarendakrókur. Þaðan út að Hjálmá er ekkert undirlendi, heldur einlæg skriðugil í sjó niður, brött og slæm yfirferðar, einkum Krumma– og Biskupsgilið, hvar aðeins er mjótt einstigi yfirum. Hlaupa þar tíðum ofan grjót– og snjóskriður úr Gunnhildi (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Klyppstaðarsókn, 1842*).

– **Sævarendi:** Heimildarmaður segir fjallaslægjur votlendar, úthey gott, fjörubeit stopula, gerir ekkert úr sandfokinu, besta landið aftur á móti í hættu vegna skriðufalla (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, 1975*).

## Seyðisfjörður

**Seyðisfjörður (alm.)** ...Landslagi hér er svoleiðis háttað að fjöllin eru afarbrött og grasvegurinn í þeim víða lítill, sem og svo gengur árlega af sér vegna grjótskriðana, sem hlaupa úr tindunum, en í fornöld segja menn allar fjallhlíðarnar hafi verið grasi vaxnar (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Dvergasteinsókn, 1840*).

– **Sléttanes:** ...Sléttanes, fór í eyði 1716, eyddist af grjótskriðu (*Ólafur Olavíus, Ferðabók 1775–1777*).

– **Sléttanes:** Á Sléttanesi er töluvert undirlendi, þar var afbýlið Sléttanes frá Brimnesi, eyðist 1716 í skriðuhlaupi, skv. Olafvíus (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, 1975*).

– **Selstaðir:** Selstaðir koma á nokkrum stöðum við sögu í snjóflóða– og skriðuannálum. Rigningarsumarið mikla 1950 hljóp áin á tún og skemmdi útihús. ...Tún grýtt og nokkuð þýft, undirorpið skemmdum af skriðum og grjótburði úr Selstaðaá. ...Smalamennska erfið og oft hættuleg á vetrum sökum hláku og snjóflóða. ...Talið er að upphaflega býlið á jörðinni hafi verið á Kolstöðum svonefndum á sjávarbakka um 1 km innar en bær er nú. Nafn bendir til að það sé rétt, að bær hafi verið færður frá Kolstöðum og þangað sem hann er nú (hugsanlega vegna



skriðufalla?). ...Manntalsárið 1703 eru báðar jarðirnar byggðar (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, 1975*).

– **Bjólfur:** ...Bjólfur bjó til elli í Firði í Seyðisfirði. ...og bað að heygja sig þar í sunnanverðum tindi þeim sem síðan er við hann kenndur og heitir Bjólfstindur (Bjólfstindur, Bjólfur). Er tindur sá upp frá bænum og allhátt og bratt fjall og hlaupskriðuhætt (*Sigfús Sigfússon, Loðmundar þáttur gamla, Íslenskar þjóðsögur og sagnir*).

– **Fjörður:** ...Þar er stórt og grasgefið tún og í meðallagi heyskapur, líka allgóður útigangur og góð afrétt. Þar er silungsveiði nokkur og selveiði, ef stunduð væri. Þar er mjög hætt við skriðum og snjóflóðum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Dvergasteinssókn, 1840*).

– **Seyðisfjörður/Fjarðarströnd:** ...Þar heitir Fjarðarströnd, öll meira og minna skriðufallin úr Strandartindi, sem gnæfir yfir hana og dregur nafn af henni (*Árbók FÍ, 1957*).

– **Hánefsstaðir:** Hánefsstaðafjall er 1–2 km upp af bæ, snarbratt, klettótt og skriðurunnið, og hefur sent aurspýjur og stórgrýti niður á slægjulönd og haga (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, 1975*).

– **Þórarinsstaðir:** ...Innan við Austdal gnæfir fjallið Flanni, og undir honum innanverðum standa Þórarinsstaðir. Þar er ræktað land ekki eins gott. Utan við bæinn eru mýrar, sem liggja undir skriðuföllum úr Flannanum. ... (úr fasteignamatbók 1918): Skriðuhætta á tún og engjar (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, 1975*).

– **Þórarinsstaðir:** ...Gömul sögn hermir, að í brekku nokkurri skammt fyrir austan íbúðarhúsið á Þórarinsstöðum í Seyðisfirði hafi verið bænahús til forna. Fáir lögðu þó trúnað á sögnina og þótti hún ósennileg sökum landshátta. Þó var ekki ólíkt því sem þarna vottaði fyrir mannvirkjum nokkrum. ...Undir norðurvegg, eða réttara sagt meðfram honum, fann ég beinagrind af manni. ...Niður á bein þessi var 0,7 m frá yfirborð. ...Næst kom ofurlítið urðarlag, sem ég hélt að vera myndi gamalt aurlaup. Það var um 0,5 m á þykkt, eða dýpt. Rétt undir þessu urðarlagi komum við niður á mjög fúin bein. ...Niður á þessi bein var röskur metri frá yfirborð eða um 1,3 m. ...En gröf þessi var harla einkennileg. Hún var hlaðin úr grjóti og var um 0,60 m á breidd innan veggja. ...Undir steingröfinni var mold. (*Sigurður Magnússon, Beinagrindur á Þórarinsstöðum í Seyðisfirði, ritað 1954, Árbók Fornleifafélagsins, 1970*).

– **Skálanesbjarg:** ...Maður er nefndur Brandur. Hann var þá gamall og bjó þar nærri (Skálanes), og hét það að Brandsstöðum. ...Brandur var forn í skapi og fjölkunnugur. Hann lifði á veiði. En af því að hann var þá hrumur orðinn og nær blindur, þá fékk hann að húka í skut hjá öðrum vermönnum, og var ærið dráttheppin, og hafði það, sem hann dró. Þótti þeim fyrst fiskiheill að honum. En þegar fram leið tóku þeir að öfunda hann, því hlutur hans var ætíð mestur. Brá þá svo við að allir vermenn neituðu honum um skipsrúm. Brandur reiddist þá mjög. Í þá daga var hlaðfiski undir Skálanesbjargi, og voru bátar þar sem krap þann hinn sama morgun, sem Brandur fékk eigi skipsrými. Hafði Brandur sagt að eigi væri víst, að vermenn græddu á ógreiðasemi sinni og nú skjögrast hann út á bjargsbrúnina, þar sem bátarnir

fiskuðu, og voru þá í flæðarmáli. Brandur tók þá til kunnáttu sinnar og hleypti fram miklum hluta bjargsins. Urðu þar undir 30 bátar, og sagði eigi meir af þeim. Þar heitir síðan Brandsurð, og er æri mikil. Brandur bjó það, sem hann átti ólifað, að Brandstöðum. En eftir hans dag var bærinn fluttur þangað, sem er nú, og heitir á Skálanesi. (*Sigfús Sigfússon, Íslenskar þjóðsögur og sagnir*).

– **Skálanesbjarg:** ...Nokkru norðar virðast heljartröll standa uppi í bjarginu. Það eru Jötnar, og fram undan þeim Jötнатangi. Norðvestan við hann fellur Brandsurð í sjó fram. Fylgir henni sú saga, að einu sinni hafi Brandur, karl nokkur reynt að koma sér í skipsrúm á Skálanesi, en ekki fengið. Gekk karl sig þá upp á bjargbrún, stakk niður reku og felldi urðina yfir fiskimenn er sátu í hlaðafla skammt undan Bjargi (*Árbók FÍ, 1957*).

## Suður Múlasýsla

### Mjóifjörður

– **Mjóifjörður (alm.):** ...Landslagi hér er svolleiðis háttað að fjöllin eru afarbrött og grasvegurinn í þeim víða lítill, sem og svo gengur árlega af sér vegna grjótskriðana, sem hlaupa úr tindunum, en í fornöld segja menn allar fjallhlíðarnar hafi verið grasi vaxnar (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Fjarðarsókn, 1840*).

– **Mjóifjörður(alm.):** ...Mjög er skriðuhætt í Mjóafirði, og falla skriður því nær á hverjum bæ og spilla túnnum og engjum (*Þorvaldur Thoroddsen, Ferð um Austurland sumarið 1882. Ferðabók I, 2. útg. 1958–60*).

– **Mjóifjörður (alm.):** ...Hlíðar Mjóafjarðar eru mjög skriðurunnar og skornar sundur af mörgum giljum. Falla fossóttir lækir og smá-ár hvarvetna niður hlíðarnar. Liggur aurskriðutunga fram úr hverju gili. ...Vatnsveðrin leggjast á einstaka sveitarhluta með misjöfnum þunga eftir vindstöðu. Sést það m.a. af því, að þó skriðuhætta sé talsverð nær alls staðar í firðinum nema á ytri hluta Suðurbyggðar, þá er það algengt í stórríningum, að spjöll verði aðeins á afmörkuðu svæði þá og þá. ...Dalakálfur kallast ysti hlutinn af norðurbyggð Mjóafjarðar, þ.e. strandlengjan frá Steinsnesmörkum á Hallbjarnarjaðri innan við Dalaskriður og rétt utan við Steinsnesdal og norðaustur að hreppamörkum. ...Snjóflóð og einkum skriðuhlaup hafa oft valdið tjóni í Dalakálki fyrr og síðar. ...Hætta er á aurhlaupum og grjótkasti í Dalaskriðum, og snjóflóð eru þar tíð. Skriðuföll úr Flatafjalli hafa spillt túnnum á Dölum og Borg og innst á Grundartúni, sem annars er óhult (þ.e. Grund) fyrir slíkum háska, sem og vitastöðin sjálf (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, 1975*).

– **Grund/Dalatangi:** ... (úr fasteignamatsbók 1918): Snjóflóða- og skriðuhætt. ... Skriðuföll úr Flatafjalli hafa spillt túnnum á Dölum og Borg og innst á Grundartúni (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, 1975*).

– **Dalir:** ... (úr jarðamati 1805): Sjór brýtur land og hætta af skriðuhlaupum og snjóflóðum. Bæjarstæði (Stóru-Dalir) er nú nær uppbrotið af ágangi sjávar, tún stórspillt af skriðuföllum. ...Snjóflóð laskaði bæjarhús í febr. 1885, braut fjárhús og

drap 50 fjár, þeytti heyi á sjó út. Hafði bærinn þó auðsjáanlega staðið á sama stað hundruð ára. ... (úr fasteignamatsbók 1918): Til ókosta telst hætta á aurskriðum og snjóflóð. ... Skriðuföll úr Flatafjalli hafa spillt tünum á Dölum og Borg (sem stóð aðeins utar en Dalir) (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, 1975*).

– **Steinsnes:** ...Inn frá ytri mörkum er láglandisræma á sjávarhömrum, grösug en grýtt, einkum yst, nefnd Skriðnavellir. ...Innan við hálsinn (Steinsnesháls) undir snarbröttu Tóarfjallinu er (önnur) láglandisræma, víðast deig. Þar er Steinsnesbærinn undir Bæjarkletti. Margt stórra steina hefur hrunið úr fjallinu og fram á graslendið (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, 1975*).

– **Eldleysa:** ...út og niður af bænum var klofinn kambur, svokallað Raufarberg. Fyrir nokkru hrundi annar hluti þess til grunna með miklum fyrirgangi (*Árbók FÍ, 1957*).

– **Eldleysa:** ...Aurskriður eru tíðar í lækjum, en ná sjaldan að brjótast upp úr giljunum. ... (úr fasteignamatsbók 1918): Jörðin liggur fyrir skemmdum af skriðum og snjóflóðum og hættusamt fyrir fænað (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, 1975*).

– **Hof:** ...Langt út á nyrðri strönd Mjóafjarðar er bærinn Hof. Hátt uppi undir fjallsbrúninni, nær því í norðausturátt frá bænum, er sagt að hof það hafi staðið, er bærinn tekur af nafn, og þar nefnist á fjallinu Goðaborgartindur. Er það skeifulagað hvolf inn í fjallið, með háum tindum í kring, einkum að vestan, og er mjög bratt upp þangað frá bænum að neðan, og erfitt. Eftir miðju hvolfinu rennur lækur kallað Hlífará. Ofar frá bænum nærri hvolfsopinu, er hringlögúð, lík fornri rúst, þó eigi vel glöggri. Hafa margir sagt, að þar hafi hofið staðið, sem bærinn er við kenndur, en leirrennsli ofan að úr fjallinu hefur gert tóftina nær óþekkjanlega. (*Sigfús Sigfússon, Íslenskar þjóðsögur og sagnir*).

– **Hof:** ...Ofan við Krossbjörgin er Gamlahlaup, ákaflega stórgrýtt urð, sem þekur dalbotninn á stóru svæði. Víða er aurfyllt og gróið á milli bjarganna (*Árbók FÍ, 1957*).

– **Hesteyri:** ...Bærinn Hesteyri stendur innan við innri ána, smábýlið Mýri milli ána og Slétta utan við þá ytri. Hesteyrin er víðast grýtt og tún býlanna þriggja að miklu ræktuð á gömlum hlaupum (*Árbók FÍ, 1957*).

– **Hesteyri:** ...Allt land jarðarinnar er meira og minna skriðurunnið og allbratt í sjó. ... (úr fasteignamatsbók 1918): Ókostir: Ágangur af fé annara, hætta af skriðum og snjóflóðum (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, 1975*).

– **Skógar:** ...Bærinn Skógar stendur á Skóganesi. Túnið er ákaflega grýtt og heyskapur seintekinn, en snjólétt er á Nesinu og beit ágæt. Talið er, að stórfelld skriðuhlaup hafi gerspillt Skóगतúni á 19. öld. Og enn er hlíðin upp af Skógum ótrygg (*Árbók FÍ, 1957*).

– **Króártangi:** ...Tanginn (Króártangi) ...en við hann var bundin aðstaða Fjarðarbýlanna með alla aðdrætti á sjó síðustu 100 árin, sem þau voru í byggð. ...22. febr. 1941 féll mikið snjóflóð á Tangann, sópaði með sér öllum mannvirkjum og bar með sér mikið stórgrýti á tangann. Einn maður og 30 kindur fórust í snjóflóðinu. Ekki var byggt upp aftur á Tanganum. ...Nokkrum árum eftir að búsetu lauk (í Firði árið 1954), komu tvö allmikil aurrhlaup úr Tangalæknum, fylltu Tangavíkina að miklu leyti

og eyðilögðu alla aðstöðu til fyrirdráttar inni í henni. Eru þar staksteinar nú og óhrein botn (*Sigurður Kristinsson, Undir eyktatindum – Nokkrir þættir úr búnaðarsögu Fjarðarbýla í Mjóafirði frá 1835–1956, Múlaþing (10), 1980*).

– **Fjörður:** ...Árið 1770 báru lækirnir Beljandi og Stóragil fram sand, aur og grjót og brutu land prestssetursins í Firði, svo að næstum þriðjungur af túni þess ónýttist. En samt virðast þessi landspjöll munu gróa að nýju (*Ólafur Olavíus, Ferðabók 1775–1777*).

– **Fjörður:** ... (hjáleigur) Önnur stóð inn og niðri á túninu. Þar hét Drengjatunga fyrrum, slétt flöt, leikvöllur spurningarbarna, en hefur spillst af skriðum. ... Beljandi hefur grafið sér gljúfur í brúnirnar inn og upp af Firði og ógnar túninu í vatnavöxtum. Hefur myndast skriðubunga mikil, Leitið, þvert yfir dalinn á milli Fjarðar og Kots. Hlaup þessi eru ekki mjög stórgrýtt og nú gróin að mestu (*Árbók FÍ, 1957*).

– **Fjörður:** ... (úr fasteignamatbók 1918): Skriðuhætta á tún og hraphætt fé í fjöllum (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, 1975*).

– **Fjörður:** ... Líklega er elsti kirkjugarðurinn í Firði týndur undir hlaup úr Beljanda, læk innan við túnið. Sá garður var fyrir innan og ofan bæinn, lá því undir áföllum frá Beljanda og að auki varnarlaus fyrir skriðuhlaupum úr fjallinu. Tómas Ólafsson frá Firði, mundi sagnir um að sést hefði móta fyrir þeim kirkjufarði fram yfir miðja 19. öld og hefur hann líklega horfið í hlaupi (upp úr 1860).

... Innan við kálgarðinn er mjó túnskák inn að gömlum túngarði, sem lá ofan úr Hlaupi og niður að Grund. Sá garður er nú að mestu sokkinn undir framburð aurhlaupa úr bæjarlæknum, sem reyndar er kvísl úr Beljandanum. Þessi kvísl var nefnd Júdas vegna brigðulla háttanna sinna. Í þurrkatið gat hann horfið svo að tæplega fékkst þar bæjarvatn, en í rigningum flóði hann oft yfir og skvetti úr sér grjóti.

... Auk íbúðarhússins eru fjós og fjárhús á bæjarhólnum. Þar inn og upp af er allstór spilda sem nefnist Hlaup. Snemma á búskaparárum Ólafs Guðmundssonar í Firði (upp úr 1860), kom mikil aur- og grjótskriða úr Beljandahnaus og fór yfir allan innri og efri hluta túnsins og langt niður á Grund. Þykkastur var aurinn, þar sem heitir Hlaupið nú. Þar mun elsti kirkjugarðurinn hafa verið, þótt enginn sjáist merki þess nú. ... fékk hann alla verkfæra menn í sveitinni til að hjálpa við hreinsun túnsins. ... Nokkrir stórir steinar urðu eftir þegar hreinsunin var framkvæmd fyrrum og eru þar enn (*Sigurður Kristinsson, Undir eyktatindum – Nokkrir þættir úr búnaðarsögu Fjarðarbýla í Mjóafirði frá 1835–1956, Múlaþing (10), 1980*).

– **Fjörður:** ... Á miðvikudag fyrir uppstigningardag fór Vigfús prestur að heiman frá sér að Ási og kom til gistingar að Firði. ... Nóttina eftir gerði þar stórviðris rigningu (líklega 22. maí 1868). Hjúp aurskriða mikil úr fjallinu á túnið í Firði. Nam hlaupið staðar við hlöðuvegg yst á bæjarhlaðinu (*Sagnaþættir Sigmundar M. Long, Að vestan II. 2. útg. 1983*).

– **Fjörður:** ... Engjar í dalnum. ... þessir blettir spillast við aurhlaup úr fjallinu. ... Enn sjást grunnar síldveiðistöðvanna víða í fjörum í Fjarðarlandi (byggðar af Norðmönnum 1880–1900), þótt nokkrir þeirra séu nú að mestu horfnir, einkum vegna ágangs skriðufalla. Upphafleg munu hafa verið söltunarstöðvar á Asknesi (Fjörður átti Asknes), en þær hurfu undir hvalveiðistöð Ellesens síðar. Þá var ein innanhalt í Asknesvík, ein á Miðeyri, þrjár á Skolleyri, ein á Búðatanga nokkru innar, ein í

Hamarsvík, þar sem hvalstöðin reis síðar og að síðustu tvær á Borgareyri, milli Skóga og Fjarðar. Innri grunnurinn þar er í Fjarðarlandi. Stór grunnur söltunarstöðvar er einnig undir Brekkuhamri. ...Hvalstöðvar voru á Asknesi og í Hamarsvík, inn við fjarðarbotn í fjarðarkróknum að sunnanverðu. ...Nú eru þessar slóðir í eyði og grunnar hvalstöðvanna að mestu horfnir undir aur- og grjótskriður, einkum á innri stöðinni, þar sem varla sér stein yfir steini (*Sigurður Kristinsson, Undir eyktatindum – Nokkrir þættir úr búnaðarsögu Fjarðarbýla í Mjóafirði frá 1835–1956, Múlaþing (10), 1980*).

– **Asknes:** ...Leið svo fram til ársins 1945. Síðla sumars gerði vatnsveður mikið um Austfirði og stóð dægum saman. Bóndi var fjarverandi um þessar mundir, en húsfreyja heima ásamt börnum þeirra, sjö, hið yngsta á fyrsta ári. Eina nóttina kom hlaup í ána. Stíflaðist hún neðst í gilinu, braust síðan til vesturs af feikna krafti og ruddist á bæinn. Húsfreyja bjargaði kúnum, úr vatnsfylltum kjallarunum með fádæma harðfylgi og yfirgaf svo húsið, enda ekki sýnna um tíma að undan því græfi. Höfðust börnin við í tjaldi, það sem eftir lifði nætur, lítt búin fötum. Húsið hékk uppi en tún gereyðilagðist. Hjónin fluttust frá Asknesi um haustið og hefur ekki verið búið þar síðan (*Árbók FÍ, 1957*).

## Norðfjörður

– **Nes, Bakki, Naustahvammur:** ...Nes (með býlunum Bakka og Naustahvömmum) ...á jörðu þessari er að mestu heyskaparlaust vegna skriðuhlaupa úr fjallinu (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Skorrastaðasókn, 1841*).

– **Neskaupstaður:** ...er óvenjugróðursælt í bænum, enda þótt hann eins og fleiri Austfjarðarorp liggja undir urðarspýjum úr giljum í stórrigningum á sumrum og sé ekki alveg laus við snjóflóðahætta á vetrum (*Árbók FÍ, 1957*).

– **Bjarg, (Naustahvammur 12, Neskaupstað):** Þegar grafið var fyrir grunni húsins (1930), komu menn niður á hart undirlag í austurenda, en í vesturenda grunnsins var ekkert fast undirlag, bara leðja með stórum steinum niður í tvær húshæðir. Þetta gæti hugsanlega verið merki um aurskriðu (*Harpa Grímsdóttir, Byggingarár húsa í Neskaupstað. Veðurstofa Íslands, greinargerð. VÍ-G98011-ÚR09, 1998*).

– **Ormsstaðir:** ...Ormsstaðir, Efri- og Neðri-Miðbæirnir, Skorrastaður, Skálateigur, efri og neðri og Kirkjuból: ...en fyrir ofan bæina er víðast hvar harðlendisengi upp að brekkunum hverjar eru lyngi vaxnar þar sem ekki eru hlaupskriður úr fjallinu, sem ár eftir ár fer í vöxt, og hafa enda skemmt fyrir ofan bæina nokkur engjastykkinn (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Skorrastaðasókn, 1841*).

– **Hof:** ...Fjallið er mjög lyngivaxið neðan kletta. Í því eru tvær gjár, Hofsgjá og Svarthamarsgjá og stórar skriður niður frá gjánum. ...Gömul munnmælasaga segir, að eitt sinn í hungri og bágindum hafi bóndinn á Hofi átt skemmu fulla af mat, en engum miðlað. Var því þungur hugur til hans. Segir ekki meira af því, en ekki leið á löngu, þar til hlaup kom úr fjalli og eyðilagði bæði skemmu og matarforða. Þegar núverandi eigendur byggðu fjós, var komið niður á gömul gólf. Krákuskeljahaugur var í næstefsta gólfi. Síðan kom grjóthlaup og nokkur gólf þar undir. Í þessum uppgreftri voru ýmsar leifar mannabústaða (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Efri og Neðri Miðbær:** ...Ormstaðir, Efri– og Neðri–Miðbæirnir, Skorrastaður, Skálateigur, efri og neðri og Kirkjuból: ...en fyrir ofan bæina er víðast hvar harðlendisengi upp að brekkunum hverjar eru lyngi vaxnar þar sem ekki eru hlaupskriður úr fjallinu, sem ár eftir ár fer í vöxt, og hafa enda skemmt fyrir ofan bæina nokkur engjastykkinn (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Skorrastaðasókn, 1841*).

– **Efri–Miðbær:** ...Fjallið er bratt og hafa aur– og grjóthlaup úr lækjum stundum spillt landi, t.d. hlaup úr Kjálkalæk. ... (úr fasteignamatsbók 1918): Skriður á engi (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Efri–Miðbær:** ...Samkvæmt jarðamati 1849 er þar landlítið og hætt við skriðuhlaupum (*Harpa Grímsdóttir, Byggingarár húsa í Neskaupstað. Veðurstofa Íslands, greinargerð. VÍ–G98011–ÚR09, 1998*).

– **Neðri–Miðbær:** ...Eins og á mörgum jörðum eða flestum í Norðfirði verða stundum nokkur landspjöll af skriðum, sem falla niður á graslendi í Miðbæjunum (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Skorrastaður:** ...Ormstaðir, Efri– og Neðri–Miðbæirnir, Skorrastaður, Skálateigur, efri og neðri og Kirkjuból: ...en fyrir ofan bæina er víðast hvar harðlendisengi upp að brekkunum hverjar eru lyngi vaxnar þar sem ekki eru hlaupskriður úr fjallinu, sem ár eftir ár fer í vöxt, og hafa enda skemmt fyrir ofan bæina nokkur engjastykkinn (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Skorrastaðasókn, 1841*).

– **Skálateigur efri og neðri:** ...Ormstaðir, Efri– og Neðri–Miðbæirnir, Skorrastaður, Skálateigur, efri og neðri og Kirkjuból: ...en fyrir ofan bæina er víðast hvar harðlendisengi upp að brekkunum hverjar eru lyngi vaxnar þar sem ekki eru hlaupskriður úr fjallinu, sem ár eftir ár fer í vöxt, og hafa enda skemmt fyrir ofan bæina nokkur engjastykkinn (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Skorrastaðasókn, 1841*).

– **Kirkjuból:** ...Ormstaðir, Efri– og Neðri–Miðbæirnir, Skorrastaður, Skálateigur, efri og neðri og Kirkjuból: ...en fyrir ofan bæina er víðast hvar harðlendisengi upp að brekkunum hverjar eru lyngi vaxnar þar sem ekki eru hlaupskriður úr fjallinu, sem ár eftir ár fer í vöxt, og hafa enda skemmt fyrir ofan bæina nokkur engjastykkinn (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Skorrastaðasókn, 1841*).

– **Hólar:** ...Snjóþungt er á Hólum og snjóflóða– og skriðuhætt sunnan ár, en ekki að norðan. Þó féll jarðskriða (torfuhlaup) úr Stórhól 1968, stórskemmdi kjarrgróður og fyllti nýgrafna skurði. ... (úr fasteignamatsbók 1918): Landspjöll af skriðuföllum og Norðfjarðará (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Tandrastaðir:** ...Sunnan ár er lítill aðdragandi að fjallinu, neðst skriðuland ýmist gróið eða hrjóstur, en ofar lyngbrekkur og þá brattar skriður og klettar Hólaþjalls. Þar er skriðuhætt, en norðan ár er hluti lands undirorpinn aurhlaupum áur Fannardalsá og Tandрастаðaá, m.a. er bæjarstæðið utan við þá síðarnefndu og ofan við veginn hvergi nærri óhult (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Fannardalur:** ...Fannardalur er innsti bær í sókninni og liggur slétt en votlent engi inn frá bænum eftir dalnum, en skriðuhlaupnar brekkur fyrir ofan. Fyrir sunnan ána Fönn, allt að fjallsenda Hólafjall, móts við Kirkjuból er ekki annað en en brattar brekkur skriðuhlaupnar og víðast hvar graslitlar, nema niður við ána út undir Seldalshálsinum, litlar, grasi og lyngi vaxnar eyrar. Þessar nefndu brekkur hallast með einu nafni Hólaströnd og tilheyrir hún þessum þremur bæjum Hólum, Tandrastöðum og Fannsdal og brúkast fyrir afrétt frá þeim bæjum samt til beitar á sumrum fyrir hesta og kýr (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Skorrastaðasókn, 1841*).

– **Fannardalur:** ...Í jarðamati úr Norðfjarðarhreppi frá 10. apríl 1849 segir svo um Fannardal. „Tún er þar allgott, en hætt er því við skriðuhlaupum. Engjar eru víðlendar, en eigi góðar og hætt við hlaupum”. (*Bjarni Vilhjálmsson, Róðukrossinn í Fannardal, Árbók Fornleifafélagsins, 1974*).

– **Seldalur:** ...Í Seldal er bæði skriðu- og snjóflóðahætt. Árið 1917 féll snjóflóð og braut inn fjárhús, og haustið 1968 féllu 12. nóv. 2 skriður, 1½ km á breidd, eyðilögðu mikið af túni, slitu girðingar og fylltu skurði. ... (úr fasteignamatsbók 1918): Skriður falla stundum á engi (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Skuggahlíð:** ...Skriðuföll af snjó eða aur hafa aldrei valdið tjóni (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Grænanes:** ...Skriðuhætta er í fjallshlíðinni, en snjóflóðahætta síður. ...Stórskriða féll frá miðju fjalli í nóvember 1968 og skildi eftir sig svöðusár í hlíðinni, ógróið enn. Hlaupsárið er um 8 ha. að flatarmáli. Skriðan stíflaði ána og fleygðist norður á sléttuna fyrir norðan hana, þar sem hún skemmdi tún og braut girðingar fyrir Miðbæingum. ... (úr fasteignamatsbók 1918): Skriðuhætt á tún og engi (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Grænanes:** ...Í fasteignamati 1916 stendur að skriður falli stundum á tún og engi (*Harpa Grímsdóttir, Byggingarár húsa í Neskaupstað. Veðurstofa Íslands, greinargerð. VÍ-G98011-ÚR09, 1998*).

– **Borgir/Búland:** ...en sjálfsagt engvan veginn fært að byggja upp aftur ...og Borgir á Búlandinu sem af eru teknir fyrir skriðuhlaupum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Skorrastaðasókn, 1841*).

– **Borgir/Búland:** ...Fyrir utan Grænanes, út undir skriðunum, liggur landstykki nokkurt, kallað Búland, tilheyrandi Skorrastaðarlandi. Þar var fyrrum bær sá sem kallaðist Borgir en er nú í eyði vegna skriðuhlaupa úr fjallinu (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Skorrastaðasókn, 1841*).

– **Borgir/Búland:** Það mun hafa legið undir áföllum sökum skriðufalla og farið í auðn (í byggð af og til). Í fasteignamati 1916 stendur líka að hætta stafi húsum og jörðum af aurskriðum og snjóflóðum (*Harpa Grímsdóttir, Byggingarár húsa í Neskaupstað. Veðurstofa Íslands, greinargerð. VÍ-G98011-ÚR09, 1998*).

## Hellisfjörður

- **Hellisfjörður, (alm.)** ...Fyrir sunnan Hellisfjarðarmúlann liggur Hellisfjörðurinn, nokkuð langur en mjór og aðkrepptur beggja vegna af háum og bröttum fjöllum, víðast hvar lyngi og skógi vöxnum hlíðum, nema sumstaðar hvar jarðvegurinn er burtflettur af skriðuhlaupum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmennafélagsins – Skorrastaðasókn, 1841*).
- **Sveinsstaðir í Hellisfirði:** ...Hættur eru að dómi heimildamanns, sem vel þekkir til, litlar af snjóflóðum, skriðum og sjávangangi (*Sveitir og jarðir í Múlþingi III, 1976*).
- **Hellisfjörður:** ...Undirlendi Hellisfjarðar er um 8 km langt, en mjótt nema við fjararbotninn. Víða er þar skriðuhætt úr fjöllum of lækjum. ...Undirlendi er lítið, en fjöllin báðum megin allbrött, sérstaklega þó að norðan, og hafa oft fallið aurskriður úr hlíðum, spillt mikið gróðri í brekkunum og torveldað ræktun á hinu takmarkaða undirlendi. Snjóflóðahætta er ekki, enda oftast snjólétt. ...Túnið var heldur snögglent og jarðgrunnt mestallt, en greiðfært, ekki öruggt fyrir aurskriðum. ...Hlaðinn varnargarður ofan við tún sjálfsagt til að verjast aurskriðum úr fjallinu. Nú er aurinn fjallsmegin við garðinn orðinn jafnhár honum (*Sveitir og jarðir í Múlþingi III, 1976*).
- **Hellisfjarðarsel:** ... (úr fasteignamatsbók 1918): Snjóflóða- og skriðuhætta á tún og hús og fjárhættur (*Sveitir og jarðir í Múlþingi III, 1976*).

## Viðfjörður

- **Viðfjörður:** ...Marstaðir (Másstaðir) í Viðfirði, eyddust í skriðuhlaupi (*Ólafur Olavius, Ferðabók 1775–1777*).
- **Viðfjörður:** ...Á þeim eru sauðlönd góð, en þó hefur Viðfjarðarnes spillt mjög af skriðuhlaupum (*Ólafur Olavius, Ferðabók 1775–1777*).
- **Viðfjörður:** ...en sjálfsagt engvan veginn fært að byggja upp aftur Márstaði fyrir utan Viðfjörð (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmennafélagsins – Skorrastaðasókn, 1841*).
- **Viðfjörður:** ...Fyrir sunnan Viðfjarðarmúlann eru næstum graslausar brekkur, vegna sífelldra skriðuhlaupa úr fjallinu fyrir ofan bæinn Viðfjörð. ...Þar er ekki annað tún en lítill blettur sem vex upp úr stórgrýttu hlaupi og er svoel því, sem máskje bænum, hætta búin ef til vill, af skriðuhlaupum úr fjallinu án þess hægt sé að koma þar í veg fyrir eður flytja bæinn á annan stað (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmennafélagsins – Skorrastaðasókn, 1841*).
- **Viðfjörður:** ...Í Viðfirði eru skriður mjög tíðar, eins og öllum þessum fjörðum, og hefir orðið að færa til Viðfjarðarbæ vegna þeirra. ...Sagt er, að áður hafi verið sitt gilið hvorum megin við bæinn, en nú sjást þau eigi, af því að skriður hafa fyllt þau (*Þorvaldur Thoroddsen, Ferð um Austurland sumarið 1882. Ferðabók I, 2. útg. 1958–60*).



– **Viðfjörður:** ...Í Viðfirði er fremur lítið undirlendi, og það sem er, mikið grafið af lækjum og skemmt af skriðuföllum. ...Hafi Már byggt sér bæ á Mástöðum úti á ströndinn, en bærinn verið fluttur aðeins innar en á núverandi stað vegna skriðufalla þar út frá. Mástaðir voru annars afbýli um 500 m utan við Viðfjarðarbæ. Olavius telur býlið hafa eyðst af skriðuhlaupi 1756. Lítilsháttar tóttarbrót sjást þar enn. ... (úr fasteignamatbók 1918): Ókostir ágangur fjár, stundum snjóflóð og sandfok (*Sveitir og jarðir í Múlapingi III, 1976*).

– **Viðfjörður:** ...Másstaðir og Klif, afbýli frá Viðfirði. Másstaðir eyddust af skriðuhlaupi (*Halldór Stefánsson. Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum. Í Múlaping (5), 1971*).

– **Barðsnes:** ...Það er og ekki sjaldan að nokkur trjáreki rekur inn á þessa firði, einkum inn á Búland, sunnan fram í Hellisfirði, Viðfirði einna mest og nokkuð á Barðsnesi. Á þessum síðastnefnda stað er yfrið slæmt að bjarga undan vegna skriðuhlaupa úr háum bökkum sem liggja með sjónum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Skorrastaðasókn, 1841*).

– **Barðsnes:** ...Hann (Barði) tók sér byggð innanvert við Rauðubjörg niður undan skarði því, er Skollaskarð nefnist og kallaði bæ sinn Barðsnes. Þar heitir nú Bæjarstæði. ...Sér hann þá að skessan situr uppi á fellsbrúninni og er að bisa við að spyrna stóru stykki úr hömrnunum. Barði grípur rekuspaða sinn og hleypur til fjalls. Það var jafnsnemma að hann stökk yfir túngarðinn og kletturinn sprakk. Greikkar nú karl heldur en ekki sporið, og í miðjum hlíðum mætir hann skriðunni. Stingur hann þá niður rekunni og í sömu svipan staðnaði skriðan. Þykir enn mega sjá þess merki. Barði treystist nú ekki lengur að hafa byggð sína þar undir skarðinu. Segir sagan að hann hafi þá flutt bæ sinn þangað, er hann stendur nú, og búið þar síðan til dauðadags. – Skollaskarð þ.e. tóuskarð. Miðhlíðis niður frá skarðinu er svo að sjá sem grjótskriða hafi staðnað skyndilega (*Björn Bjarnason frá Viðfirði. Sagnakver, 2. útg. 1935*).

– **Barðsnes:** ...Um selveiðina á Selasandi deildu þau Barði „goði“, er bjó í Bæjarstæði vestan skarðsins og tröllskessa nokkur. Hún sparn skriðu úr Skollaskarði niður á bæ hans, en hann setti við rekublað sitt og stöðvaði skriðuna fyrir ofan bæinn. ...upp af Máriuveri er Bæjarstæði með rústum og túngarði, rétt neðan undir Skollaskarði. Þar segir sagan, að Barði „goði“ hafi búið, áður en hann flutti bæ sinn að Barðsnesi, eftir að skessan hafði reynt að fella skriðuna á hann (*Árbók FÍ, 1957*).

– **Barðsnes:** ...Nesið er fremur snjólétt, lítil sem engin hætta af skriðum eða snjóflóðum við bæinn (*Sveitir og jarðir í Múlapingi III, 1976*).

## Sandvík

– **Sandvík:** ...Skriðuföll eru tíð á Landsendum báðum megin við víkina, snjóflóðahætta á leið til Sandvíkurskarðs og víðar (*Sveitir og jarðir í Múlapingi III, 1976*).

## Vaðlavík

– **Vaðlar:** ...snjóflóða- og skriðuhætt og gengur því jörðin heldur af sér (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hólmasókn, 1843*).

– **Vaðlar:** ...(úr fasteignamatsbók 1918): Jörðunni stafar hætta af sandfoki, uppblæstri og skriðum, og húsum, mannvirkjum og skepnum af snjóflóðum (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Ímastaðir í Vaðlavík:** ...ekki frítt fyrir skriðum og snjóflóðum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hólmasókn, 1843*).

– **Kirkjuból í Vaðlavík:** ...skriðuhætt þegar dregur út fyrir víkurbotninn (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hólmasókn, 1843*).

## Reyðarfjörður

– **Reyðarfjörður/Eskifjörður (alm):** ...Landslag er hér yfirhöfuð næsta breytilegt og víðast hvar óslétt. Fjöllin, eins og áður er sagt mjög giljótt, hjöllótt og eru björg og hamrar faman í flestum hjöllunum en nokkur grasvegur uppi á þeim, samt ofur slitróttur og sundur táinn af melum og grjótskriðum sem víða hafa hrunið úr fjöllunum. ...Vegir eru hér víðast illir yfirferðar ...gjörðar hafa verið hér vegabætur, bæði að ryðja vegu og brúa keldur, en þær vegabætur vara ekkert og þyrftu því að endurnýjast árlega því vegirnir, sem víðast liggja í bratta eða hallanda, fyllast í vorleysingum með grjót og brýrnar morkna óðar í sundur vegna rigninga (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hólmasókn, 1843*).

– **Krossanes:** ...land er þar að mestu komið í skriður og fjallið slútir þar fram yfir bæinn (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hólmasókn, 1843*).

– **Krossanes:** ...Krossanes er ysti bær við Reyðarfjörð norðanverðan og stendur á láglendisræmu meðfram sjó suðaustan undir fjallgarði þeim, er liggur milli Vöðlavíkur og Reyðarfjarðar. ...Snjóflóð falla sjaldan úr fjöllum, en vill þó til. Skriðuhlaup eru algeng. Tvisvar síðan 1914 hafa snjóflóð fallið milli bæjar og klettsins Óblauðs og 1919 féllu miklar grjótskriður milli Stekks og Haugaurðar og sundruðu jörð mjög. ...(úr fasteignamatsbók 1918): Ókostir skriðuhætta, grjóthrun og snjóflóð (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

## Helgustaðahreppur

– **Karlsskáli:** ...(úr fasteignamatsbók 1918): Hættur: skriður, snjóflóð, fannhætt, flæðihætt og hættur í klettum (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Stóra-Breiðavík:** ...Reyðarfjarðarhöfn, sem verslunarskipin sigla árlega til, liggur á norðurströnd fjarðarins. Þar er allstór vík, sem er vel varin gegn hafvindum, en opin fyrir norðvestanvindum. ...og ætti því fremur að gefa honum (Eskifirði) gaum, sem staðurinn, sem verslunarhúsin í Reyðarfirði standa á, er ekki óhultur fyrir

skriðuhlaupum, og höfnin þar miklu síðri en Eskifjarðarhöfn (*Ólafur Olavius, Ferðabók 1775–1777*).

– **Breiðuvíkurstekkur:** ... (úr fasteignamatsbók 1918): Aurskriður á engi (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Helgustaðir:** ... Árið 1904 skemmdist um þriðjungur túnsins illa af aurblönduðu snjóflóði, sem einnig braut hlöðu og fjárhús, myllukofa og hjall og drap 9 kindur. ... (úr fasteignamatsbók 1918): Tún og mannviki í hættu fyrir aurskriðum og vatnsflóðum (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Högnastaðir:** ... Neðan við (þjóð)veginn var býlið Högnstaðastekkur, útvegsbýli með afarlitla grasnyt, og annað álíka býli líklega æfagamalt. Það hét Gvendarkirkja, og þar á að hafa verið Gvendarbrunnur, týndur nú. Munnmæli eru um að Guðmundur biskup hafi á sinni tíð vígt staðinn fyrir skriðuhlaupum. Gvendarkirkja er á eina skriðustaðnum í landinu, Ljósárgili, óljósar rústir með kyrrum kjörum, en rústirnar af Stekk útmáðar. ... Snjóalög eru mikil í austanátt, en skriðhlaup aðeins í Ljósárgili, þar sem vígsla Guðmundar góða helst í gildi enn. ... (úr fasteignamatsbók): Ókostir aurskriður, snjóflóð og fannhætta (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Svínaskálastekkur:** ... Fyrir utan Svínaskála er Inn–Stekkur eða Svínaskálastekkur. Þar er ekki búið nú vegna hættu af skriðuhlaupum, en jörðin nýtt af eigendum (*Árbók FÍ, 1955*).

– **Svínaskálastekkur:** ... Árið 1935 stórskemmdist túnið á Stekk af skriðuhlaupum. Stekksáin hljóp síðsumars, og rann aur og leðja báðumegin íbúðarhúss, 10–20 m á hvorn veg. ... (úr fasteignamatsbók 1918): Ókostur aurskriður á tún og útjörð. ... 1919: Snjófljóð eyðilagði sjóhús og drap hest (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

## Eskifjörður

– **Eskifjörður (jörðin):** ... (úr fasteignamatsbók 1918): Ókostir landbrot af Eskifjarðará, aurskriður úr lækjum og mikill ágangur af fénaði kaupstaðarbúa (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Eskifjörður (kaupstaðurinn):** ... Jón hét maður, Norðlendingur, er hingað kom austur seint á nítjándu öldinni og tók sér bólfestu í Eskifjarðarkaupstað. Byggði hann sér þar kofa og var það kallað í Klofa, því það var á millum lækja tveggja. ... Svo bar við um haust ... en þá fór svo að annar lækurinn hjá Klofa stíflaðist af aur og grjótskriða hljóp um nótt á kofa Klofa–Jóns og drap hann (Klofahlaupið varð 1849 og mun snjór hafa stíflað gilið, en miklar leysingar ullu vatnsflóði) (*Sigfús Sigfússon, Af Klofa–Jóni, Íslenskar þjóðsögur og sagnir*).

– **Eskifjarðarsel:** ... Í Hólmatindi utan við Ytra–Skot er surtarbrandsnáma beint upp af Seli. Þar varð dauðaslys við surtarbrandsvinnslu 1917 (af völdum grjóthruns), er Ögmundur Ömundsson kennari fórst (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Borgir:** ...Eyðan í ábúendatali 1909–14 orskakaðist af því, að skriða féll á tún (1909) og skemmdi svo, að ábúandi varð að flytja út að Bauluhúsum á Hólmanesi. Eftir að jörðin féll úr ábúð var hún nytjuð af Eskfirðingum til slæгна og beitar, a.m.k. til 1953, er aftur féll skriða úr Hólmatindi og eyðilagði tún. ...Upp af bæ er Skriðugil í Hólmatindshlíðum, hafa úr því hlaupið skriður þær, sem eyðilögðu túnið og gerðu jörðina lítt fýsilega til búsetu. ... (úr fasteignamatsbók 1918): Skriðu- og snjóflóðahætt (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

## Reyðarfjörður

– **Reyðarfjörður, (alm.):** ...Veðurfar í Reyðarfirði má teljast allgott. Mest gætir úrkomu, sumar sem vetur úr austlægrri og norðaustlægrri átt. Aurskriður úr fjöllum algengar eftir miklar suðaustanrigningar, og valda þær oft tjóni á vegum og öðrum mannvirkjum (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Hólmar:** ...úr suðurhlíðum hans (Hólmatinds) hafa nokkur gil spúið nýlega aur og grjóti yfir túnið á Hólum, og er slíkt ekki einsdæmi um fjallagil á Austfjörðum. Er hitt e.t.v. merkilegra um þau, hve víða tími hefur unnist til að breyta skriðukeilum fram úr giljum í harðvellisgraslendi eða tún. Má segja þar um: Gilið gaf, gilið tók (*Árbók FÍ, 1955*).

– **Hólmar:** ...Skriðuföll hafa valdið stórtjóni á Hólum. ...15. júlí 1950 féllu stórskriður úr Hólmatindi og ollu stórspjöllum á túni, húsum og vélum, vegi og fjárrétt. Aftur skaðsemmdarskriða '53, 20. sept. í sama veðri og Borgir Eskifjarðarhr. Eyðilögðust. Snjóflóð féll '04, braut og bramlaði hús o.fl. Á árunum '32– '40 hljóp 4 eða 5 sinnum úr tindinum og tóku hlaupin 25–40 staura úr túngirðingu í hvert skrifti (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Sómastaðir:** ...Gamla túnið á Sómastöðum var að mestu ofan vegar á uppgrónum aurskriðum frá fjallinu, víðast þýft, vel þurrt, jarðgrunnt (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Teigagerði:** ...Beitarhús og á Ljósárböllum tók af í skriðuhlaupi og Ljósá breytti um farveg, líklega fyrir aldamót (1900) (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Slétta:** ...Þar er tún hvörki stórt né gott því skriður ofan úr fjallinu hafa tekið af því part og skemmt það (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hólmasókn, 1843*).

– **Slétta:** ... (úr fasteignamatsbók 1918): Ókostir: Landbrot ár (Fossár?) til mikilla skemmda, skriðuhlaup og ágangur aðkomufjár. ...Einnig hlaðinn grjótgarður upp túnjaðar ofan við bæ til varnar aurhlaupum úr Fossá (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Borgargerði:** ... (úr fasteignamatsbók 1918): Sérstakir ókostir: Ágangur fénaðar og skriðuhlaup (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Hafranes, Hrossadalsskarð:** ...Hrossadalsskarð heitir brattur fjallvegur milli prestssetursins Kolfreyjustaðar í Fáskrúðsfirði og Hafranes við Reyðarfjörð. Þar

finnst surtarbrandur, sem í rigningum hrynur niður úr háfjallinu (*Ólafur Olavius, Ferðabók 1775–1777*).

## Fáskrúðsfjörður

– **Vattarnes:** .....(úr fasteignamatsbók 1918): Túnið votlent og taðan best bliknuð. Engjarnar eru nú eyðilagðar allar af aurskriðum ...Utan við nesið (Vattarnes) ganga brattar, grónar hlíðar, giljum skornir jaðrar og urðarskriður fram í sjó, þar sem úthafsöldu brýtur á brimsorfnum klöppum og fjörugrjóti. Ógróin skriðnasvæði eru þar tvö í Vattarneslandinu, Vattarnesskriður og Kyrruvíkurskriður. Þar er snjóflóða- og skriðuhætt. Árið 1968 var ruddur bílvegur milli Vattarnes og Kolfreyjustaðar, hlemmivegur að jafnaði, en teppist oft af aurlaupum og skefli, varasamur vegur í háلكu (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Vattarnes:** ...út að Vattarnesi, bæ yst við hafa, eru farnar svonefndar Vattarnesskriður og má segja um þær hið sama og um Hvalnesskriður (en þó þær séu ruddar árlega verða þær í næstu rigningu torfarnar vegna (skriðu)hlaupa, þar sem hlíðin er ein (grjót)skriða og vegurinn aðeins mjó gata), sem fyrr var getið, þó eru þær fyrrnefndu ekki eins háar og þær (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Suður Múlasýsla, 1842*).

– **Skrúður:** ...En þess er getið að annað sinn voru þar margir sjómenn er sumir reyndu að brjóta járngrindurnar og forvitnast innst í hellinn. En þegar þeir höfðu gert skarð í þær hleypti Skrúðsbóndinn niður skriðu úr mæni hellisins er fyllti hann undir þak og fórust þar þessir oflátungar, en hinir komust af. Síðan hefir enginn dirfst að forvitnast um herberi hans og hefir hann búið þar síðan í næði (*Sigfús Sigfússon, Skrúðsbóndinn, Íslenskar þjóðsögur og sagnir*).

– **Skrúður/Skrúðshellir:** ...en að norðanverðu gengur niður frá hvelfingunni, allt til miðs, viðbrött skriða mjög lausgrýtt, af bleikum sandsteini. ...Þaðan er sprottin sú hégilja að skúti þessi væri dyr á afhelli nokkrum með járngrindum fyrir. Átti þar að byggja bjargbúi nokkur sem Skrúðsbóndi er kallaður, og fortelja gamlir menn að hann hafi eitt sinn til forna, hleypt skriðu þeirri, ser fyrr var getið á 18 menn er hnýsast vildu um byggð hans (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Kolfreyjustaðarsókn, 1841*).

– **Kolfreyjustaður:** ...Skálavíkurtangi er kafgrösugur, en utan við hann Staðarskriður, snarbrattar og gróðurlausar, syðsta skriðnasvæðið milli Kolfreyjustaðar og Vattarness. Þekktasta örnefni í Staðarskriðum er gilið Glifsa, erfitt yfirferðar í snjó og vetrarhörkum (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Geststaðir, Aragerði:** ...Utar í Geststaðalandi er eyðibýli er Aragerði nefnist. Þar upp af og úr undir mörk Kirkjubóls er hlaup ógróið, í fjallinu, er Geststaðahlaup kallast og mun hafa skriðið niður snemma á 19 öld (1825) (*Árbók FÍ, 1955*).

– **Kirkjuból, Aragerði:** ...Milli Kirkjubóls og Geststaða er eyðikot lítið er Aragerði hét og hefur verið óbyggt yfir 30 ár. Það aftókst gjörsamlega með húsum, túni og engjum, hér um fyrir 16 árum (1825) af geysimiklu skriðufalli úr framanverðum Hoffellsdal (eftir ágetskan 60 til 200 faðma breiðu) er féll suður yfir Dalsá og

skemmdi stórlega Kirkjubólsland. Þetta orsakaðist af stöðutjörn sem í stórrigningu hleypti fram melhól er stóð í dalshlíðinni (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Kolfreyjustaðarsókn, 1841*).

– **Kirkjuból:** ...Býlið Aragerði er í Jarðabók Johnsen (1847) talið vera (afbýli) frá Kirkjubóli (en ekki Gestsstöðum). Það eyðilagðist að mestu leyti í skriðuhlaupi úr Hoffellsdal árið 1825, en byggð mun þó hafa haldist þar fram um aldamót (1900). Skriðan olli stórfelldum spjöllum á Kirkjubóli (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Hólagerði:** ... (úr fasteignamatsbók 1918): Stundum skemmdir af snjóflóðum og skriðum (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Dalir:** ...Þrátt fyrir fjalllendið umhverfis Dali er snjóflóðahætta ekki mikil. Snjóflóð falla að vísu, en hafa ekki valdið tjóni. Skriðuföll eru ekki heldur tíð. Haustið 1927 féll þó mjög stór skriða syðst í Gagnheiðinni og mun hafa orsakast af framskriði jökulfannar norður undan Lambafelli. Skriðan var um 1 km á breidd, þar sem hún féll niður í dalbotninn báðum megin Dalsár. Varð mjög mikið jarðrask. Haustið 1958 féllu tvær litlar skriður á engjarnar inni í dalnum, en gerðu ekki mikinn skaða (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Tunga:** ...Í Norðurdal (Daladal) eru neðst móar, harðvelli og mýrarhöll, við brekkurætur gróin hlaup. ...Ennfremur sagnir um hús á Grjóttótt á Daladal (Norðurdal), sagt að haupið hafi á þau (snjóflóð/skriður?), áður en voru fullgerð, um 3 km frá bæ (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

## Stöðvarfjörður

– **Stöðvarfjörður, (alm.)** ...en svo mikið sýnist þó nærverandi útliti á landslaginu gefa að skilja að það séu sem drefjar eða menjar grösugra og fagrara útlits er verið hafi til forna, en af áverkun tíðar og aldursins smá saman af sér gengið, því niðurlaupnar urðir og stórgryti, skriður fram úr lækjum og giljum, stórhlaup er frá fjöllum niður farið hafa yfir sléttlendi og dreift vítt og breitt úr stórgryti því, aur og leðju er þau hafa með sér flutt, allt þetta hlýtur að hafa eytt og afmyndað harla mikilli víðáttu jarðvegs og merki sjást einnig til þess forn og ný, því á næsta ári er það stundum orðið að aur og apalskriðu, sem hið fyrra var annað hvort grænn grashagi í valllendi eða mýri og hvörsu mikið þetta hafi þá mátt að gjöra í fleiri ár, að ég tali um í fleiri aldir, má nærri geta í svo rigningarsömu plássi, sem víst ætíð hefur verið það eins og það er nú (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Stöðvarsókn, 1839*).

– **Gvendarnes:** ...Gvendarnes heitir skaginn milli Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar. ...Víða er mjög skriðuhætt á Gvendarnesi, en engu síður eru þar mjög grasgefnar spildur, einkum að sunnanverðu (*Ólafur Olavíus, Ferðabók 1775–1777*).

– **Gvendarnes/Hafnarnes:** ... (úr fasteignamatsbók 1918): Grjóthrun á tún og aurskriður skemma land (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Gvendarnes:** ...en undirorpin er hún áföllum af skriðuhlaupum er gjört hafa á túninum stórskemmdir (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Stöðvarsókn, 1839*).

– **Gvendarnes:** ...Næst Gvendarnesbæum er Heimaleiti og er það jarðölduhryggur, á milli hans og þess næsta, sem heitir Stórasteinsleiti, er nokkuð víðáttumikil lægð og er hún mýrlend. Neðarlega í þessari lægð, dálítið frá sjó, er stór steinn, sem heitir Siggusteinn. Hafði smalastúlka frá Gvendarnesi verið að gæta kind er grjóthrun kom úr fjallinu og heljarstórt bjarg kom í loftköstum og varð stúlkan undir því. Heitir steinn sá síðan Siggusteinn. Þegar fólkinu var farið að lengja eftir stúlkunni, var farið að leita hennar og fannst hún þannig að fæturnir stóðu útundan steininum, en annað ekki (*Vigfús Kristjánsson. Sagnaþættir, 1945*).

– **Lönd:** ...Þessi jörð er ei stórum áföllum undirorpin hvað heyjaplássin snerta, en næst við fjall er skriðugjarnt og stór björg gjörn að hlaupa þar ofan úr klettum sem spilla jarðveg (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Stöðvarsókn, 1839*).

– **Lönd:** ... (úr fasteignamatsbók 1918): Skriður falla á engjar. ...Eitt sinn fundust í brekku í útjarðri túns 2 peningar, skildingar frá 1720, komu fram í skriðu undir svonefndum Norðanvindskambi (*Sveitir og jarðir í Múlapingi III, 1976*).

– **Kirkjubólssel:** ...Á fyrstu árum Þórðar langafa míns hér (um 1870) hljóp grjótskriða úr Hellufjallinu og tók af þriðja part úr túninu, 3 fjárhús, hlöðu og smiðju. Þetta hlaup náði frá Sellæk að Stóragil og er nú aftur á 100 árum orðið að grónu túni. ...móðir mín, Kristín Þórarinsdóttir var 7 ára þegar hljóp. Þetta var semma morguns rétt fyrir túnslátt í stórrigningu. Fólkið þorði ekki annað en yfirgefa bæinn, og var móðir mín borin í teppi úr að Kirkjubóli. En Þórarinn afli minn, sem þá var á besta aldri og frá á fæti, hljóp til og skar höftin af hestunum, sem staddir voru upp við brekkurnar, þar sem hlaupið fór yfir, og forðaði þeim frá því að verða fyrir hlaupinu. ...Túnið í Kirkjubólsseli var 10 ha., en allt land innan girðingar 16 ha. En mikið af þessu landi eru lækjargil, grýtt eftir gömul hlaup (*Sveitir og jarðir í Múlapingi III, 1976*).

– **Kumlafell** ...Fyrir neðan Kumlafell eru Hlíðar, grasivaxnar brekkur, efri og neðri. Utan við þær eru Karlsbrekkur við rætur Kumlafells. Drangur heitir Karl. Mjög sennilegt er að brekkurnar heiti eftir kletti, sem þó er nú fallinn, samt er það ekki víst (*Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir, Mannanöfn í Stöðfirskum örnefnum, Múlaping (24), 1997*).

– **Flautagerði/Óseyri:** ... (úr fasteignamatsbók 1918): Skriður skemma engjar og úthaga (*Sveitir og jarðir í Múlapingi III, 1976*).

– **Stöð:** ...Í fasteignamatsbók 1918 segir, að túnið sé grýtt og jarðgrunnt, ræktað upp úr gömlu aurlaupi. ...Utan við Þverána er Stöðvarmelar og ofan á þá rennur Snattalækur, sem áður bar aurskriðu á túnið í Stöð (*Sveitir og jarðir í Múlapingi III, 1976*).

– **Hvalnes:** ...Jörð þessi er undirorpin áföllum af hlaupum, jafnvel á ytri parti túnsins, sem er og einkum á þann part landsins sem liggur fyrir utan bæinn neðan

undir hálsinum. Yfir höfuð er land þar mjög af sér gengið af áföllnum skriðum og grjóthlaupum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Stöðvarsókn, 1839*).

## Breiðdalur

**Breiðdalur – (alm.):** ...hafa gjört sitt til að eyða jarðveginum. ...svo hafa einnig hlaup og skriðuföll ekki gjört lítið tíð að eyða jarðveginum og valdið þeim stórskemmdum sem engin mannleg viðleitni fær uppbætt (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Breiðdalssókn, 1873*).

– **Kambar:** ... (úr fasteignamatsbók 1918): Flæðihætt við sjó og skriðuhætt. Vafalaust á skriðuhætta við strandlendið inn og suður af nesinu – Hvalnesskriður, þar eru skriðuföll alltið (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Kambanesskriður:** ...Eru þá farnar svonefndar Hvalnesskriður (Kambanesskriður) en þó þær séu ruddar árlega verða þær í næstu rigningu torfarnar vegna (skriðu)hlaupa, þar sem hlíðin er ein (grjót)skriða og vegurinn aðeins mjó gata. Verður víst ekki úr þessu bætt og er þó sannast sagna að snemma vor er lífshætta að fara þennan veg (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Suður Múlasýsla, 1842*).

– **Kambanesskriður: (Hvalnesskriður)** ...í skriðunum er vegurinn krókóttur og sumstaðar nokkuð tæpur. Hann er árlega ruddur á vorum en þess gætir ei lengi því litlar sem engar menjar þeirra vegabótar sjást á næsta ári, stundum ei á næsta hausti, þar rigningar og hlaup aflaga þær með öllu í soddan bratta (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Stöðvarsókn, 1839*).

– **Kambanesskriður: (Færivalla- og Hvalnesskriður, Kambaskriður)** ...Þegar stórrigningar koma grafa hlaup að ofan djúpar gjótir niður úr skriðunum á ýmsum stöðum, og eru þær ófærar hestum fyrr en búíð er að leggja nýja götu yfir þær, sem þó aldrei stendur til lengdar (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Breiðdalssókn, 1873*).

– **Snæhvammur:** ...Árið 1893 fékk safnið nokkra gripi, sem virðast vera úr fornu konukumli frá Sæhvammi í Breiðdal. ...Vegna þess staður þessi hefur orðið fyrir hlaupi í fyrri tíð, er mjög líklegt, þessi munir hafi borist í hlaupi þangað sem þeir fundust. ...Landslagið þar sem gripirnir fundust er lítill hól eða hæð, auðvitað til orðið af gömlum hlaupum, því fyrir ofan eru háir klettur og brattar brekkur, sem sí og æ hleypur úr. (*Kristján Eldjárn, Kuml og Haugfé, 1956*)

– **Snæhvammur:** ...Landamörk eru að utan einnig hreppamörk og liggja á skriðnasvæðinu milli Breiðdals og Stöðvarfjarðar, eftir Merkikambi, en ofar eru Sútur. Innsti hluti skriðnanna er í Snæhvammslandi, Færivallaskriður, snarbrattar og giljóttar. Um skriðurnar, sem í daglegu tali kallast Hvalnesskriður (í dag er allt þetta svæði kallað Kambanesskriður), var vegur ruddur 1962, og opnaðist með þeirri vegagerð Fjarðaleiðin, sem svo er nefnd. ...Því þarna (við Snæhvamm) er hlauphætt og tún og engjar oft spillt af skriðum. ...Skriðuföll hafa oftlega valdið spjöllum á land í Snæhvammi. Síðast var það aðfaranótt 16. sept. 1936 í óhemjulegu rigningarveðri. Þá skemmdist túnið svo, að töðufall minnkaði úr 200 hb. í 70,



haglendi spilltist og engjar, girðingar og garðar, stórskemmdust, og fólk flúði bæjarhúsin, óð í sortamykri beljandi vatn sem fossaði um hlað, til útihúsa, þar sem það hafðist við frá miðnætti til aftureldingar. ... (úr fasteignamatsbók 1918): Ókostir aurhlaup og flæðihætta við sjó (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Þverhamar:** ...Jörð þessi er undirorpin sífelldum skriðuhlaupum sem eyðilagð hafa mikinn og góðan jarðveg og slægjur (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Breiðdalssókn, 1873*).

– **Þverhamar:** ... (úr búskaparannál – fornt): Leifar grjóttgarðs í urð niður af Drangalækjargili. Talinn frá tíð Kristínar ríku og að skriðan sem féll 1783 liggja yfir hluta garðsins og túns. ... Úr Ytri-Fanndal kemur Drangalækur, mestur lækja í Þverhamarslandi. Hann hljóp yfir túnjaðar 1783 (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Gljúfraborg/Setuborg:** ... um 1 km vestur af Þverhamarsbæjum. ... Þar hét fyrrum Setuborg (Setruborg í eyðibýlaskrá) og var afbýli frá Þverhamri, en eyddist af skriðuhlaupi (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Setruborg:** ... Setruborg, afbýli frá Þverhamri. Fór í eyði af skriðuhlaupi (*Halldór Stefánsson. Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum. Í Múlaþing (5), 1971*).

## Breiðdalur – Norðurdalur

– **Þorvaldsstaðir:** ... svo er jörðin ekki laus við skemmdir af skriðuburði í leysingum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Breiðdalssókn, 1873*).

– **Þorvaldsstaðir:** ... Þar var líka Þjófahola, talin fylgsni nafngreindra þjófa í þjóðsögu, og mælt, að þar hafi fundist hlóðir og aska. Fylgsni þetta er nú horfið undir hlaup (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Tó (fjallið):** ... Fyrir innan Breiðatind er næsti tindur, Tóartindur, og sést hann frá Þorvaldsstöðum. Þar fyrir innan (í Tó) liggja ótal hamragil, niður frá eggjum ofan í á, og spúa þau ótæpt skriðum í rigningatíð. Eitt sinn taldi Þorvaldsstaðabóndi þar 20 hlaup (*Árbók FÍ, 1955*).

– **Tóarsel:** ... Fjöldi lækja (milli 20 og 30 merktir á korti) fellur niður hlíðar, og hafa margir grafið gil og sent stórar aurskriður yfir gróðurlendisræmuna í dalbotninum. ... (úr fasteignamatsbók 1918): Tíðar aurskriður og hlauphætt á engjar (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Tóarsel:** ... Túnið var fremur lítið og víðast jarðgrunnt, enda vaxið upp úr gömlum skriðum ofan úr brekku. ... Grjóthóll var neðan við bæ. Þrír stórir steinar stóðu þar upp úr túninu, gömlu grónu hlaupi. Nú hefur þeim verið rutt á brott. ... Um svæðið innan við bæinn segir: Réttarlækshlaup er innan við tún, það er gamalt og vel gróið, en þó stóðu upp úr því stórir steinar. Heimarétt, fjárrétt, var í hlaupinu, beint inn af bæ. ... Nýjahlaup er inn og upp af Holtum og gróið. ... Stóristeinn er innst á Grundinni, bjarg ofan úr Tó. ... Kvíar, Balakvíar, hafa eflaust verið á Kvíabala, sem er inni á milli urða Kvíagilja. Engar rústir sáust þar, en kvíarnar gátu hafa tekið af í

hlaupum í giljunum. (*Örnefnastofnun Íslands, Örnefnaskrá fyrir Tóarsel í Breiðdalshrepp í Suður-Múlasýslu, Hannes Þórðarson skráði 1978.*)

– **Tóarsel:** ...Samkvæmt upplýsingum Sigurjóns Geirs Péturssonar, fyrrverandi ábúanda á Tóarseli, hljóp skriða úr Bæjarlæknum, á að giska í júlímánuði 1940. Var þetta töluverð skriða, sem klofnaði um bæinn og rann í tveimur álmum niður túnið. Bærinn stóð þá þar sem vélageymslan var seinna reist, en við byggingu hennar var haft í huga að hún gæti orðið nokkur skriðuvörn núverandi íbúðarhúsi. Þetta skriðufall var í mikilli rigningu og vel má vera það hafi orðið í þeirri miklu rigningu, sem gekk yfir Austurland 29. júní 1940. Í því veðri urðu mikil skriðuföll í Lóni og á Eskifirði og er líklegt að þá hafi skriður fallið víðar, þótt þær hafi ekki ratað í heimildir. Þá mundi Sigurjón eftir skriðuföllum árið 1946, úr Réttarlæknum og næstu skorningum innan við, auk mikilla skriðufalla úr stóru giljunum, enn innar. Hugsanlega hefur þetta orðið í miklu rigningarveðri 5.-7. ágúst 1946, en þá urðu mikil skriðuföll í Reyðarfirði, Eskifirði, Norðfirði, Mjóafirði og Seyðisfirði. Um stóru gilin innst Tó sagði Sigurjón að þar væru hlaup algeng, en framburður þeirra tengdist þó frekar vatnavöxtum, en skriðuföllum. (*Halldór G. Pétursson, Skriðuföllin við Tóarsel í Breiðdal, 17 september 1999, Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-99014, 1999.*)

## Breiðdalur – Suðurdalur

– **Dísastaðir:** ...Eyðan í ábúendatali 1907–1911 á rætur að rekja til þess, að skriða hljóp úr bæjargilinu yfir bæ og tún og eyðilagði bæinn. Slys urðu ekki á mönnum (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976.*)

– **Hóll:** ... (úr fasteignamatbók 1918): Skriðuföll tíð í landinu (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976.*)

– **Ásunnarstaðir:** ...Snjóflóð falla stundum niður gilið og ofan á tún. ... (úr fasteignamatbók 1918): Öflugur grjótgarður til varnar aurrennsli á tún. ...Snjóflóðahætt á tún, hættur fyrir fé í leysingum (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976.*)

– **Höskuldsstaðasel:** ...Vegurinn var lagður um svonefnda Bala ofan við Flóann. Þar voru góðar skægur sem hafa nú farið mjög undir veginn og aurrennsli (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976.*)

– **Þorgrímsstaðir:** ...svo jörðin er undirorpin snjóflóðum og skriðuhlaupum er gjört hafa stórskemmdir á jarðveg og tekið af engi (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Breiðdalssókn, 1873.*)

– **Flaga:** ...Hér er jarðvegur mjög eyddur úr skriðuburði úr ám þeim er falla úr giljum fyrir framan og utan bæinn (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Breiðdalssókn, 1873.*)

## Breiðdalur

– **Randversstaðir:** ...Túnið er deiglent og grasgefið. Stundum hafa snjóflóð fallið á það úr fjallinu og a.m.k. einu sinni á þessari öld drepíð nokkrar kindur og hesta. ... (úr fasteignamatsbók 1918): Aurskriður á tún valda skemmdum (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Fagridalur:** ... (úr fasteignamatsbók 1918): Aurskriður falla í bithaga (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

## Berufjarðarströnd

– **Streiti:** ... (úr fasteignamatsbók 1918): ...aðrar girðingar grjótgardar 252 m (stórgripavarsla og vörn gegn aurrennsli á tún). ...Skriðuföll alltið. ...Afbýli hafa nokkur verið í Streitislandi. Vafrastaðir eru fyrst nefndir 1367 og síðast í Jarðatali á Íslandi 1847 eftir heimild frá 1760, þá þriggja hundraða kot. Býlið var nokkuð fyrir innan Streiti, nú horfið undir skriður fyrir löngu (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Streiti:** ...Vafrastaðir og Fjörður, afbýli frá Streiti. Fóru í eyði af skriðuhlaupi (*Halldór Stefánsson. Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum. Í Múlaþingi (5), 1971*).

– **Núpur:** ...Landbrotajarðir fyrir skriðuáfallum eru ...Núpur, ...Hafa þessar jarðir liðið töluverðan skaða bæði á tünnum, ...engjum og úthaga (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Berufjarðar– og Berunessókn, 1840*).

– **Núpur:** ... (úr virðingargjörð Núps 1908): Láglandi jarðarinnar er mest mýrlendi og liggja háir klettur fyrir ofan, og falla tíðum skriður úr þeim langt ofan í mýrar og stórskemma engjarnar. En eftir langan tíma keumr þó gras upp úr þessum hlaupum og aðrar nýjar skriður koma í staðinn. ...en ofan við bæ hefur Núpsdalur sorfist niður í helluna, stuttur og allgrösugur. Niður úr honum féll skriða sumarið 1936 yfir mikinn hluta túns og hlóðst upp með bæjarhúsunum er þá voru þrenn, Hlaupið lagði leið sína eftir lækjarfarveginum milli Núps og hjáleigunnar (Núps hjáleiga) og olli stórspjöllum (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Kross, Krosshjáleiga, Krossgerði (Krossporpið):** ...Landbrotajarðir fyrir skriðuáfallum eru, ...Krossporpið (Kross, Krosshjáleiga, Krossgerði), ...Hafa þessar jarðir liðið töluverðan skaða bæði á tünnum, ...engjum og úthaga (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Berufjarðar– og Berunessókn, 1840*).

– **Kross:** ...Skriðuhætta er ekki mikil, en ber þó við, að hlaup falli. t.d. urðu mikil hlaup í vatnsveðri miklu 16. ág. 1936 (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Krossgerði:** ... (úr fasteignamatsbók 1918): Skriður, snjóflóð, grjóthrun, þaraskjögur í lömbum (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

## Berufjörður

- **Fossgerði og Steinaborg:** ...Landbrotajarðir fyrir skriðuáfallum eru ...Fossgerði, Steinaborg, ...Hafa þessar jarðir liðið töluverðan skaða bæði á túnunum, einkum Steinaborg, engjum og úthaga (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Berufjarðar– og Berunessókn, 1840*).
- **Fossgerði og Steinaborg:** ...Í Fossgerði er snjóflóðahætta, skriðuhætta á báðum bæjum og fjárhætt í flæðiskerjum. ... (úr fasteignamatsbók 1918 um bæði býlin): Ókostir gjóthrap á tún, snjóflóðahætta í Fossgerði. ...Steinaborg: Gamall grjótgarður ofan við Steinaborgartún. Auðsætt er, að aurskriður hafa hlaðist upp með garðinum aftur og aftur (*Sveitir og jarðir í Múlapingi III, 1976*).
- **Karlsstaðir:** ...Vert er að geta hér skriðuvarnargarðsins á Karlsstöðum, því hann var sá eini af því tagi, sem ég sá í héruðum þessum (*Ólafur Olavius, Ferðabók 1775–1777*).
- **Karlsstaðir:** ...Landbrotajarðir fyrir skriðuáfallum eru ...Kallstaðir, ...Hafa þessar jarðir liðið töluverðan skaða bæði á túnunum, ...engjum og úthaga (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Berufjarðar– og Berunessókn, 1840*).
- **Karlsstaðir:** ...Skriðu– og snjóflóðahætta var úr gjót fyrir ofan bæinn, en hefur nú (’75) verið fyrirbyggt með varnargarði uppi í fjalli. ...Þegar Olavius ferðaðist um Austurland 1776, var skriðuvarnargarður fyrir ofan túnið á Karlsstöðum, og sá Olavius hvergi hans líka í þessum héruðum. ... (úr fasteignamatsbók 1918): Tún undir brattri hlíð sem aur og grjót fellur úr (*Sveitir og jarðir í Múlapingi III, 1976*).
- **Berunes:** ... (úr fasteignamatsbók 1918): Engjar nærtækar, samfelldar, sumar í beitolandi, þýfðar, blautar, snöggar og hætt við aurrennsli á þær (*Sveitir og jarðir í Múlapingi III, 1976*).
- **Piljuvellir:** ...Nokkur hætta er á snjóflóðum og jafnvel skriðum. (*Sveitir og jarðir í Múlapingi III, 1976*).
- **Gautavík:** ... (1792) Þann 20. eða 21. innféll vatnsviðrisrosi af suðaustri ákaflegur, sem víða olli skaða á löndum af skriðum og vötnum, einkum á Berufjarðarströnd, hvar 1 hjón á kotinu Gautavík urðu fyrir og í skriðuhlaupinu (*Íslands árbók*).
- **Gautavík:** ...Jón og Ásdís hétu hjón, sem bjuggu í Gautavík á Berufjarðaströnd. Jón var hreppstjóri og vel efnaður, enda talinn í betri bænda röð. ...Svo var háttað í Gautavík, að þar var fjárhellir einn mikill, ekki langt frá bæ. Þangað lét Jón reka allar mylkar ær um haustið til hreinsunar. Þau hjón voru sjálf að því verki. En á meðan féll skriða mikil eða jarðfall úr fjallinu fyrir ofan, og grjófst hellirinn í aur og leðju. Fórust þau hjón þar með fé sínu. Haldið var, að Jón hefði staðið í hellisdyrum, þegar skriðan reið yfir, því að hann fannst rekinn af sjó daginn eftir, en Ásdís fannst í skriðunni sjálfri. Ekki þótti með öllu einleikið um skriðu þessa, því góð veður höfðu gengið á undan, en ofsaveður snögglega skolið sem þruma úr heiðskíru lofti. Smalar í sveitinni þóttust hafa séð konu eina mikla á fjallinu um daginn, áður en skriðan féll, og þegar að var gáð, við upptök skriðunnar, sáust þar mannsspor, en ferill sást hvergi að eða frá sporunum. Það var hald manna, að kerlingin, sem fyrr var nefnd, hefði farið gandreið

suður til Gautavíkur og hleypt fram skriðunni með fjölkynngi. ...Samkvæmt „minisrerialbók“ Beruffjarðapinga féll skriðan í Gautavík 26. júní 1792, en ekki að hausti til. Þar stendur svo: „30. júní grafinn hreppstjórinn Jón Jónsson, bóndi frá Gautavík, varð fyrir skriðuhlaupi í því mikla storma og hretviðri 26. júní á sínu 44. aldursári, fannst upp rekinn af sjónum þann 27., sama dag kona hans, Ásdís Hermannsdóttir“ (*Bragi Sveinsson og Jóhann Sveinsson frá Flögu, Sópdyngja I, 1954*).

– **Gautavík:** ...Sá atburður var árið 1792, að skriða hljóp á hellisskúta, er Gautavíkurhjón voru þar við mjaltir búsmala og fórust þau og kvíaærnar allar. Hjónin voru Jón Jónsson og Ásdís Hermannsdóttir, kölluð hin fagra. Hlaup í á mun hafa valdið skriðunni, en annars eru skriðuföll og snjóflóð óþekkt í Gautavík (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Beruffjörður:** ...Landbrotajarðir fyrir skriðuáföllum eru ...Beruffjörður, ...Hafa þessar jarðir liðið töluverðan skaða bæði á túnnum, ...engjum og úthaga (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Beruffjarðar– og Berunessókn, 1840*).

– **Beruffjörður:** ...Heimaland staðarins er mjög skemmt af skriðuhlaupum. (*Johnsens Jarðatal, 1847*).

– **Fossárfell (fjallið):** ...Rétt inni við fjarðarbotninn er fjallið brattast, og skriður hylja neðstu klettabeltin, nema hvað einstöku klettanybba gægist fram hér og hvar. Niðri við fjöruna og úti á leirunum, eru stór og smá björg, er hrúnið hafa úr fjallinu. Það stærsta heitir Grásteinn (*Árbók FÍ, 1955*).

– **Selnes:** ...Uppi á Selneshjalla eru bæjartættur. Sagt er, að fólk hafi flúið þann bæ vegna grjóthruns úr fjallinu. Einn steinn á að hafa komið inn um eldhúsþekjuna, og það er ekkert ótrúleg saga. Frá neðsta klettabeltinu eru brattar skriður niður á hjallann. Sunnan þeirra eru stórgrýtisurðir. Miðja vegu í einni slíkri er stórt reynitré. Því hlífir víst einhver hulinn verndarkraftur (*Árbók FÍ, 1955*).

– **Eyjólfstaðir og Eiríksstaðir:** ...(*úr fasteignamatsbók 1918*): Skriðuhlaup og aurrennsli á engi og haga (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Urðarteigur:** ...Landbrotajarðir fyrir skriðuáföllum eru ...Urðarteigur. Hafa þessar jarðir liðið töluverðan skaða bæði á túnnum, ...engjum og úthaga (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Beruffjarðar– og Berunessókn, 1840*).

## Hamarsfjörður

– **Hamarsfjörður, Álftafjörður, (alm.):** ...(*um skóga*) að nú ei sést þar sumstaðar skógur, hvar hann áður var, er sumpart komið af þeim orsökum að fjallaskriður hafa yfirfallið hann (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hofs– og Hálssóknir, 1840*).

– **Hamarsfjörður, Álftafjörður, (alm.):** ...en hitt er víst að jafnvel í manna minnum hefur land hér stórum af sér gengið og að nokkru leyti umbreyt, svo víða eru

nú berir aurar og skriður hvar áður var engi og haglendi og grænar brekkur (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hofs– og Hálssóknir, 1840*).

– **Hamarsfjörður, Álftafjörður, (alm.):** ...Hvað vegina áhrærir eru götur árlega hreinsaðar af grjóti því sem árlangt hefur í þær fallið og vegirnir að öðru leyti endurbættir þar sem þeir ár hvört hafa aflagast fyrir vatnsrennsli eða skriðuhlaup (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hofs– og Hálssóknir, 1840*).

– **Kambshjáleiga:** ... (úr fasteignamatsbók 1918): Hætta af skriðum (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Háls:** ...landið er sumstaðar undirorpið skriðuhlaupum og hefur þar af sér gengið en aftur á öðrum stöðum er það ei áföllum undirliggjandi (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hofs– og Hálssóknir, 1840*).

– **Rauðaskriður:** ...Til þess að vera ekki með öllu aðgerðarlaus fór ég að skoða Rauðaskriður þær, sem Olavius Sekreteri nefnir á 582. bls. í Ferðabók sinni. Þær eru á milli Háls í Hamarsfirði og næsta bæjar þar fyrir vestan. Skriðurnar hafa fallið úr mjög háu fjalli og ókleifu, sem að vestanverðu er hlaðið upp úr nærfellt 50 berglögum (*Sveinn Pálsson, Dagbók 1794, Ferðabók, 2.útg. 1983*).

– **Hamar:** ...sumstaðar hafa skriðuhlaup spillt landinu en að öðru leyti hefur það ei mikið af sér gengið (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hofs– og Hálssóknir, 1840*).

– **Hamarssel:** ...Viða liggur landið fyrir skriðuhlaupum er hafa spillt því (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hofs– og Hálssóknir, 1840*).

– **Bragðavellir:** ...Ofan við tún eru tvö skriðugil, Miðmundagil og Selárgil. Haustið 1906 kom í stórrigningu skriða úr öðru gilinu, féll á ytra túnið og stórspillti því. Heimamenn hreinsuðu aurinn af túninu, og synir Jóns Sigfússonar tveir, daufdumbir báðir, hlóðu úr grjótinu fagurlega tvíhlaðinn garð, sem enn stendur óraskaður til vitnis um atorku þeirra og verklag (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Bragðavellir:** ...„Í sumar í kringum þann 13. sept. (1906) kom hér hroðalegt regn, sem gerði mikinn skaða á túninu okkar, það tók nærri því hálf af. Miðmundagilið hljóp með hroðalegu vatni og hlaupi á túnið utan undir Mosahnausnum, svo það man enginn þvílíkt umrót. Og fram af holtinu fyrir innan bæinn hljóp það líka, en gerði þar engan skaða. Búið er að vinna í því 12 dagsverk í haust. Það verður seint að túnið mitt kemur til aftur, því sumt af hlaupinu er ómögulegt að verka“ (*Úr dagbókum Jóns Sigfússonar, Múlaþing (13), 1983*).

## Álftafjörður

– **Melrakknes:** ...Bærinn sjálfur liggur fyrir snjóflóðum er stundum fara yfir bæinn og túnið, landið er og víða undirorpið skriðuhlaupum og hefur fyrir þá örsök mikið af sér gengið (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hofs– og Hálssóknir, 1840*).

– **Melrakkanes:** ...Fjallið upp af bænum er æðibratt og hjöllótt. Þar hafa fallið snjóflóð og skriður hlaupið fram. Snjóflóð féll úr gili á góu 1918 og braut niður næsta hús við bæinn. Húsbóndinn var þar staddur, heyrði þytinn og hraðaði sér til dyra, en komst ekki lengra, áður en flóðið hremmdi húsið. Dyrakampurinn stóðst flóðið og slapp maðurinn mátulega. Haustið 1936 hljóp skriða úr sama gili í óskaplegu skýfalli, tók af veginn og bar fram mól og grjót á túnið (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

## Geithellnadalur

– **Geithellar:** ...Víða er landið undirorpið skriðuhlaupum, sem ollað hafa því nokkrar skemmdir en að meira partinum er það frítt hér fyrir (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hofs– og Hálssóknir, 1840*).

– **Kambsel:** ...Aðfaranótt góuþræls veturinn 1904 kom snjóskriða með grjóti og mól í sunnan stórrigningu úr báðum lækjunum, sem liggja að túninu. Flæddi yfir allt túnið og barst á það grjót og mól. Annar lækurinn fór meðfram bæjardyrum, en hinn komst að kúahlöðunni fáum metrum fjær, sem tók á móti gusunni úr ytri læknum. Neðan við sáðgarðinn mættust spýjurnar. Það kostaði 30 daga að hreinsa þetta og var borgað með 30 krónum, Hreppurinn átti jörðina (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

## Álftafjörður

– **Rannveigarstaðir:** ...(úr fasteignamatsbók 1918): Skriður og aurrennsli (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Hof:** ...Víða liggur landið undir áföllum svo sem af vatnayfirgangi, grjótfoki, skriðuhlaupum og landbroti af vötnum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hofs– og Hálssóknir, 1840*).

– **Hof:** ...Hofsland er stórt, mest fjalllendi, hrjóstrugt og hagalítið, þar eð það víðast er orpið skriðum. (*Johnsens Jarðatal, 1847*).

– **Hof:** ...Ofarlega í túni eru rústir, sem heita Ásgarður, og kofatötur hét Valhöll. Þiðrandalág var innan við túnið, nú skriðufull. Þar á Þiðrandi Síðu–Hallsson að vera heygður (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Flugustaðadalur:** ...Menn segja og að byggð hafi verið á Flugustaðadal undir þarnefndri Mosvallarheiði, Grænbalaþjalli og undir Hagahlíðum og skuli sá bær sem undir Grænbalaþjalli stóð, hafa kallast Grenjaðarstaður og þar verið kirkja, en hvört þetta er satt eða ekki verður ei með nokkuri vissu sagt, því þi á þessum stöðum hefðu bæir staðið verður það ekki séð, þar skriðuhlaup er niður af nefndum fjöllum og líka er tímalengdin búin að afmá öll merki þar til þótt verið hefðu, því frá ómunatíð hefur þar víst ei byggð verið svo enginn getur upplýst um hvönær eða hvörning býli þar kynni að hafa eyðilagst þótt verið hefðu (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hofs– og Hálssóknir, 1840*).

– **Flugustaðadalur:** ...Í Selfjalli er Selgil, og hefur það borið stóra aurskriðu ofan á sléttlendi (*Árbók FÍ, 1955*).

– **Flugustaðadalur:** ...Grenjaðarstaðir í Flugustaðadal, eyddust af skriðuhlaupi (*Ólafur Olavíus, Ferðabók 1775–1777*).

– **Grenjaðarstaðir á Flugustaðadal:** ...Sagnir eru um 3 afbýli inni í dalnum (Flugustaðadal), Grenjaðarstað og Mosfell, og munnmæli um, að á Mosfelli hafi búið djákn, en annars ókunnugt um þetta býli. Hitt býlið Grenjaðarstaður, á að hafa eyðst af skriðuhlaupum. Þjóðsögur segja, að þar hafi verið stórbýli með 18 hurðir á járnum, og það hafi verið við Hakahlíð, þ.e. heldur innar en gegnt Tunguhlíð (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Grenjaðarstaðir á Flugustaðadal:** ...Grenjaðarstaðir í Flugustaðadal. Eyddust af skriðuhlaupi (*Halldór Stefánsson. Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum. Í Múlaþing (5), 1971*).

– **Flugustaðir:** ...Sumstaðar er jörðin undirorpin skriðuhlaupum og sumstaðar mjög af sér gengin, einkum á láglandinu. Á þó Griótárgil mestan þátt þar í jarðarspjöllum, niður af hvörju liggur víðlend stórgrýtisskriða hvar áður voru grænir balar. ...Innan fram þess á austursíðu fjallgarðsins (Kjölfjall) gengur gljúfur mikið, næstum ofan frá því hæðsta niður í gegn, kallað Griótgil. Niður af gljúfurmyrri þessu gengur stórgrýtt og ummálmikil skriða, fallin fram úr gilinu. Þar skal fyrr verið hafa fagurt graslandi (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hofs– og Hálssóknir, 1840*).

– **Flugustaðir:** ...Sagnir af Flugu eru í Grímu og Völvuleiði friðlýst og skammt frá bæ, segir í firðlýsingarskrá, en heimildarmaður segir það vera rétt innan við hellana og sé nú að hverfa undir skriðu. ...Fyrir utan bæ eru flæðilönd, síðan gróin hlaup og gott beitiland (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976*).

– **Starmýri:** ...líka er jörðin undirorpin skriðuhlaupum, bæði á Starmýrardal og í Starmýrarvogum er hafa spillt landinu (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hofs– og Hálssóknir, 1840*).

## Austur–Skaftafellssýsla

### Lón

– **Hvalnes:** ...Innan við tún á Hvalnesi er bjarg sem heitir Þúfuhraun og hellar í stórgrýtisurð neðan undir, en upp af gnæfir Þúfuhraunstindur. Austan undir honum við skriðumót er hellirinn Gapi og þar rétt utan við skerst gjótan Skor upp gegnum fjallið og er niður af henni stórgrýtt skriða sem kölluð er Hlaup. Í þjóðsögu segir að fólkið hafi flúið upp í Gapa þegar Tyrkir rændu á Hvalnesi 1627. Ræningjarnir ætluðu inn í sveit til gripdeilda en þá hrundi Hlaupið úr fjallinu. Önnur munnmæli herma að heimilisfólk hafi verið við störf í seli á Hvaldal utan ein gömul kona og þannig sloppið undan ránsmönnum og Stekkatúnsurð hafi stöðvað för ræningjanna inn í sveit (*Árbók FÍ, 1993*).



– **Hlíð:** ...Þau Valgerður og Jón bjuggu kringum tvö ár í Valskógnesi, en þaðan fluttu þau í Hlíð í Lóni, hvar þau bjuggu einatt síðan og voru vel megandi og sauðarík. ...Það létst á hag hans eitt sinn að fótur hans vast í lið og hafði hann eymsl af. Þetta varð er þau höfðu þar fá ár búíð. Það var þá einn dag að Jón lét heimakonu maka fótinn við eld í eldahúsi og baka um leið, þá kom skriða og hljóp á bæinn (Hlíð). Snaraðist konan með hendur sínar á glóðina en Jón lamaðist í öxlinni og voru þar lukt inni áður en þeim varð borgið. Varða af þessu hlaupi eigi mikill annar skaði og þeim bötunuðu báðum meiðsl sín (*Sigfús Sigfússon, Af Valgerði Ólafsdóttur, Íslenskar Þjóðsögur og sagnir*).

– **Eskifell:** ...Þau Valgerður og Jón Markússon bjuggu nær þrem árum Eskjufelli, áður en skriða hljóp á bæ og tún, svo það varð varla grætt upp síðan. Þá fluttu þau á nábýliskotið Valskógnés, en höfðu í seli í Eskjufelli og beitarhús (Valgerður og Jón bjuggu í Eskifelli 1836–39. Í Valskógnesi munu þau ekki hafa búíð. Árið 1861 féll skriða á bæinn í Eskifelli, eftir það lagðist byggð þar af). (*Sigfús Sigfússon, Af Valgerði Ólafsdóttur, Íslenskar Þjóðsögur og sagnir*).

– **Eskifell:** ...Í Eskifelli reistu fyrst bæ Jón Markússon og kona hans Valgerður Ólafsdóttir. Þau komu austur yfir Lónsheiði úr Geithellnahreppi, með kindur sínar og dóttur á barnsaldri harða vorið 1836. ...Þar hafði ekki áður verið búíð, svo vitað væri. ...Sagt er að brekkur Fellsins hafi þá verið vaxnar þéttum birkiskógi, sem kom sér vel fyrir frumbyggjana. ...Eftir fullan þriðjung aldar, sem byggð hélst þarna, eru brekkur fellsins skóglausar, skriðuhlaupnar og víða gróðurlitlar. Nú eru þær svipur hjá sjón. Gras var við rætur fellsins og móar, með hagablettum, langt út í áraráuranna fram yfir aldamót, en nú að kalla aurar einir eftir, markaðir af ánum og Læknum úr Hafragili. Enþá er samt hagsælt í Fellsbrekkum, svo brattar er þær. (*Sigurður Jónsson Stafafelli, Ljósir blettir í liðinni ævi, Ævintýralandið okkar Lónöræfi, Heima er best, 1969*)

– **Hvammur:** ...Ókostur jarðar þeirrar er skriðuáhlaup voðaleg á túnið, jafnvel bæinn (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Stafafellssókn, 1842*).